SVEINBJÖRN SVEINBJÖRNSSON

*Vann frækinn sigur í Lífsstílsmeistaranum*

• heilsa

**ALLT** Í MILJU BLAÐSINS




KARL ÁGÚST ÚLFSSON

*Síðasti þátturinn fer í loftið um helgina*

Ekki hefur verið samið við Spaugstofuna

FÓLK 26






Biblía

*Falleg fermingargjöf sem endist allt lífið*

www.forlagid.is


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT


24. mars 2009 — 72. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### List fyrir unglinga



Svartiskóli kallast nýr skóli sem heldur námskeið fyrir unglinga í hinum ýmsu listgreinum.

TÍMAMÓT 16

### Skotnir í kaf í Grindavík



Snæfell átti aldrei möguleika í Röstinni í gær og Grindavík er komið 1-0 yfir.

ÍÞRÓTTIR 22

### Stórt og smátt

„Hin grátlega trú á risafyrirtæki leiddi beinlínis til ofþenslu bankanna og hrun íslensks fjármálakerfis“, skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 14

### Frábær Food and Fun



Siggi Hall var ánægður með Food and Fun þótt kreppt hafi að.

FÓLK 20

### VEÐRIÐ Í DAG




**KÓLNANDI** Í dag verður NA 8-15 m/s norðvestan og vestan til og við SA-ströndina, annars hægari. Snjókoma eða slydda sunnan til en rigning allra syðst um hádegi. Él norðan til.

VEÐUR 4


**Færðu gesti?**

Svefnsófadagar í mars



Betra BAK

Sjá nánar á www.betrabak.is




**TIGNARLEGT Í ÁLFTAFIRÐI** Það var ekki amalegt fyrir Súðvíkinga að horfa út á fjörðinn sinn í gær en þar lá þýska skólaskipið Gorch Fock fyrir ankeri. Það hélt síðan út Djúpið og verður komið að Miðbakkanum í Reykjavík á fimmtudagsmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lektor í hagfræði um skýrslu Seðlabankans:

# Undrast að Icesave-útrás hafi verið leyfð

**EFNAHAGSMÁL** „Maður spyr sig af hverju Seðlabankinn beitti sér ekki gegn útrás Landsbankans til Hollands, miðað við að hún var að hefjast um það leyti sem þessi skýrsla Seðlabankans var skrifuð,“ segir Ólafur Ísleifsson hagfræðingur.

„Þetta er sannfærandi skýrsla og ég skil ekki hvers vegna hún var ekki lögð fram. Hún hefði átt erindi á rituðu formi við ráðamenn,“ segir hann.

Í skýrslunni segir af Lundúnafundi ónafngreindra seðlabankamanna í febrúar 2008 með matsfyrirtækjum og einkabönkum. Þar kemur fram að erlendu sérfræðingarnir hafi miklar efasemdir um íslenskt bankakerfi. Moody‘s hafði sérstakar áhyggjur af Icesave-reikningunum, en seðlabankamenn færðu fram gagnrök. „Ekki er líklegt að öllum efasemdum [Moody‘s] hafi verið eytt,“ segir í skýrslunni. Landsbankinn opnaði fyrir Icesave í Hollandi í lok maí.

Ólafur spyr einnig hví ríkisstjórnin hafi ekki brugðist við skýrslunni með afgerandi hætti.

Haft var eftir Geir H. Haarde, fyrrum forsætisráðherra, í ríkisútvarpinu í gær að „ekki hafi verið einfalt“ að bregðast við, þegar skýrslan barst í febrúar, en RÚV fékk skýrsluna frá Seðlabankanum, eftir áfrýjun til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

> Það er komin ný bankastjórn og hún getur ekki svarað fyrir gerðir þeirrar eldri.
>
> **ARNÓR SIGHVATSSON**
> AÐSTOÐARBANKASTJÓRI SEÐLABANKANS



Seðlabankinn tilkynnti 25. mars 2008 að bindiskylda íslenskra banka í erlendum útibúum skyldi afnumin. Tilgangurinn væri að samræma reglur bankans við reglur evrópska Seðlabankans.

Arnór Sighvatsson, aðstoðarbankastjóri Seðlabankans og þáverandi aðalhagfræðingur, vill ekki ræða skýrsluna að svo stöddu, né hvað bankinn hafi gert til að bregðast við henni. „Ég sótti ekki þessa fundi,“ segir hann. Honum sé ekki kunnugt um hverjir hafi verið á þeim.

Spurður hví bankinn hafi lækkað bindiskyldu, stuttu eftir fundina í Lundúnum, segir Arnór: „Það er komin ný bankastjórn og hún getur ekki svarað fyrir gerðir þeirrar eldri.“ **- kóþ**

# 82 milljarðar í arð

**Viðskiptabankarnir þrír og SPRON greiddu 82,3 milljarða í arð milli 2004 og 2007. Þar af var Kaupþing með nær helminginn. Atli Gíslason, þingmaður VG, segist hafa heimildir fyrir því að bankarnir hafi ofmetið viðskiptavild sína.**

**EFNAHAGSMÁL** Viðskiptabankarnir Glitnir, Kaupþing og Landsbanki, ásamt SPRON, greiddu út í arð samtals 82 milljarða, 318 milljónir og 684 þúsund krónur á fjórum árum, frá 2004 til 2007. Þetta kemur fram í ársreikningum bankanna.

Mest greiddi Kaupþing á tímabilinu, eða 39,7 milljarða. Glitnir greiddi 21,5 milljarða og SPRON rúma ellefu milljarða. Landsbankinn greiddi minnst út, eða tæpa tíu milljarða.

Greiðslurnar stigmagnast frá ári til árs, utan að Kaupþing lækkar greiðslur í rúma tíu milljarða 2007, úr tæpum 25 milljörðum 2006.

Atli Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, ræddi á Alþingi í gær um arðgreiðslur í bankakerfinu. Stóran hluta þeirra mætti rekja til hækkaðrar viðskiptavildar, sem auki hagnað á pappírunum, og heimili útgreiðslu arðs. Með því að hækka hana hefðu bankarnir getað skapað „loftbóluhagnað og í kjölfarið loftbóluarðgreiðslur“.

**Arðgreiðslur bankanna**




Atli hefur sent sérstökum saksóknara og rannsóknarnefnd Alþingis erindi um þetta. „Ég hélt að bankarnir hefðu greitt meira út, en það er engu að síður rannsóknarefni hvernig mat á viðskiptavild hefur þróast síðan einkabankarnir voru stofnaðir,“ segir Atli. „Ég hef heimildir fyrir því að þeir hafi verið að fixa eigið fé með þessu.“ Hann ræði þetta í kjölfar frétta af því að Byr fari fram á beiðni um aðstoð frá ríkissjóði. Eigið fé Byrs í lok árs 2007 verði til viðmiðunar. „Ef þeir ofmátu eigið fé með viðskiptavild, þá er ríkissjóður að greiða á röngum forsendum,“ segir Atli.

Samkvæmt tímariti Ríkisskattstjóra, Tíund, hækkaði viðskiptavild bankanna, utan SPRON, úr 18,7 milljörðum í 123 milljarða frá 2003 til 2007.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja, vildi ekki fjalla um þessar upphæðir í gær. Hann vilji skoða arðgreiðslur banka í nágrannalöndunum fyrst. **- kóþ, bj**

Íslenskur arkitekt í Danmörku:

# Í úrslitum í þekktri keppni

**FÓLK „Það er ekki leiðinlegt að fá svona fréttir á þessum síðustu og verstu tímum,“ segir Andrea Tryggvadóttir, arkitekt í Kaupmannahöfn. Hönnun Andreu og dansks kollega, Agnesar Nilsson, var valin í úrslit í Avantgardehúsgagnasamkeppninni. Þær stöllur hönnuðu stól sem um leið þjónar hlutverki rotþróar fyrir lífrænan úrgang.** - jma / sjá síðu 26




**Einföld ostakaka**

**Botn:** 12 stk. muldar hafrakexkökur
70g brætt smjör
blandað saman og sett í botninn

**Þeyta saman:** 1 askja hreinn rjómaostur 220g
100g flórsykur

***1 peli þeyttur rjómi** blandað saman við rjómaostinn og flórsykurinn.*
*Smurt yfir botninn og skreytt með snickers og ferskum berjum.*

*Borið fram kælt.*

Osta HÚSIÐ




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0123

NÝJUNG!

Mýksti brauðosturinn á markaðnum

ostur.is

SPURNING DAGSINS



*Einar, verður ekki bara skítamórall í þessum klúbbi?*

Nei, en það verður algjör mórall hjá þeim sem missa af opnuninni.

Einar Bárðarson mun opna Officeraklúbbinn svokallaða um næstu helgi. Meðal hljómsveita sem munu leika á opnunarkvöldinu er Skítamórall.

Miklar efasemdir í VG um fjárfestingarsamning ríkisins við Century Aluminium og Norðurál Helguvík:

# Telur álsamning ekki standast EES-samning



BERGUR SIGURÐSSON

**UMHVERFISMÁL** Bergur Sigurðsson, frambjóðandi VG og fyrrum framkvæmdastjóri Landverndar, telur að fjárfestingarsamningur ríkisins við Century Aluminium og Norðurál vegna álvers í Helguvík kunni að brjóta í bága við ákvæði EES-samningsins um ríkisstyrki. Hann hvetur iðnaðarnefnd til að bíða með að afgreiða hann.

„Það er fljótheitabragur á verklagi nefndarinnar ef þessi samningur rennur bara í gegnum nefndina án þess að svar ESA, um hvort þessi styrkveiting standist EES-samninginn, liggi fyrir," segir Bergur. Hann skilji ekki hvað liggi á.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, gagnrýndi á Alþingi 2003 hvernig staðið var að afgreiðslu frumvarps um álverksmiðju Alcoa í Reyðarfirði. Hann sagði þá að það væri „eiginlega alveg með ólíkindum" að afgreiða ætti frumvarpið áður en ESA mæti hvort ríkisstuðningurinn stæðist evrópskar samkeppnisreglur.

Álfheiður Ingadóttir, varaformaður iðnaðarnefndar fyrir VG, setur mikla fyrirvara við samninginn, sem hún styður ekki, og bindur vonir við að Alþingi geti gripið inn í málin. „Það sem er alvarlegt við þennan samning, fyrir utan umhverfismál, raforkuöflun, línulagnir, fjármögnunarvandann og stöðu Norðuráls, er að í þessum samningi er miðað við að tekjuskattsálag verði aldrei meira en 15 prósent," segir hún. Í sambærilegum samningum sé rætt um 18 prósenta hámarksskatt.

„Það vita allir að við þurfum að afla skatttekna á næstu árum, vegna þessara skulda sem við erum í. Þetta þarf því að reikna út og skoða. Að auki er sagt að aldrei verði lagður skattur á vaxtatekjur, sem er alveg út í hött. Það er sagt að við höfum verið í útrás, en þetta fyrirtæki er í rauninni í innrás í skattaskjól á Íslandi," segir Álfheiður. Málinu hafi verið vísað til þriggja nefnda og sé nú í höndum þingsins: „Þannig að það sem einhverjum ráðherrum finnst skiptir engu máli."

Hjá ESA fékkst staðfest að verið væri að fara yfir samninginn og að áliti yrði líklega skilað eftir sex til sjö vikur. Þangað til ræðir ESA hann ekki í fjölmiðlum. **- kóþ**

Stangveiðimenn ósáttir:

## Segja hesthúsin ógna lífríkinu

**SKIPULAGSMÁL** Formannafundur Landsambands stangaveiðifélaga ályktaði harðlega í gær gegn samþykkt borgarráðs Reykjavíkurborgar um að reisa hesthúsabyggð á bökkum Elliðaár. Eru þessar fyrirætlanir sagðar vera atlaga við lífríki árinnar. Farið er fram á að samþykktin verði endurskoðuð.

Enn fremur segir í ályktuninni: „Formannafundurinn minnir einnig á að hérlendis eru um 105 þúsund einstaklingar sem stunda stangveiði að einhverju marki og það getur varla verið vilji kjörinna fulltrúa að ganga svo greinilega gegn hagsmunum svo stórs hóps kjósenda eins og gert er með þessari samþykkt." **- jse**

Sjálfstæðisflokkurinn:

## Skilaði framlagi Neyðarlínu

**STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokknum urðu á mistök árið 2007 þegar hann tók við framlögum frá félögum sem voru í meirihluta hins opinbera en það stangast á við lög frá 2006 um fjármál stjórnmálasamtaka. Þetta segir Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri flokksins, í fréttatilkynningu sem hann sendi frá sér í gær.**

**Þar á hann meðal annars við þrjú hundruð þúsund króna framlag sem flokkurinn tók við frá Neyðarlínunni og hefur hann þegar verið endurgreiddur, að sögn Andra og hið sama verði gert við önnur framlög sem þetta gildir um. Enn fremur segir hann að farið verði yfir verkferla og eftirlit hert með viðtöku framlaga til að ganga úr skugga um að slíkt endurtaki sig ekki.** **- jse**

# Stjórnendur Gildis fóru í 35 boðsferðir

**Stjórnendur Gildis hafa farið í meira en tíu boðsferðir á ári síðustu ár. Stjórnendur Sameinaða lífeyrissjóðsins fóru í um tíu ferðir á ári. Gildi var valinn besti sjóðurinn fjögur ár í röð en þarf nú að lækka réttindi um tíu prósent.**




**FÓRU Í MARGAR BOÐSFERÐIR** VM óskaði eftir upplýsingum frá Gildi lífeyrissjóði og Sameinaða lífeyrissjóðnum um boðsferðir og gjafir sem æðstu stjórnendur sjóðanna hefðu þegið á síðustu þremur árum. Hjá Gildi kemur fram að stjórnendur hafi farið í 35 ferðir á þessu tímabili.

**VINNUMARKAÐUR** Æðstu stjórnendur Lífeyrissjóðsins Gildis fóru fyrir hönd sjóðsins í alls 35 viðskiptaferðir til útlanda á árunum 2005-2008. Helstu stjórnendur Sameinaða lífeyrissjóðsins fóru í um fimm ferðir hvor á ári á þessu tímabili. Þetta kemur fram í upplýsingum sem Félag vélstjóra og málmtæknimanna (VM) hefur fengið frá stjórnum lífeyrissjóðanna.

Stjórn VM sendi fyrirspurn til stjórnar lífeyrissjóðanna og óskaði eftir upplýsingum um boðsferðir og gjafir sem framkvæmdastjóri, forstöðumaður eignastýringar og stjórnarmenn hefðu þegið af fyrirtækjum sem sjóðirnir hefðu fjárfest í á árunum 2005 til 2008. Einnig var óskað eftir upplýsingum um það eftir hvaða siðareglum væri unnið hjá sjóðunum.

Í svari Sameinaða lífeyrissjóðsins, sem birt er á heimasíðu hans, kemur fram að umræddir starfsmenn hafi hvort um sig farið fimm ferðir á ári vegna eigna erlendis, að auki hafi forstöðumaður rekstrarsviðs farið í tvær slíkar ferðir síðustu tvö ár. Að jafnaði hafi helmingur þessara ferða verið skipulagðar kynnisferðir fyrir fulltrúa íslenskra fjárfesta vegna fjárfestingarverkefna erlendis og greiddar af samstarfsaðilum sjóðsins. Framkvæmdastjóri og forstöðumaður eignastýringarsviðs hafi hvort um sig þegið eina veiðiferð á ári innanlands síðustu þrjú ár. Boðsferðirnar hafi verið stuttar vinnuferðir og án íburðar.

> Afsakanir verða ekki teknar gildar síðar
>
> **GUÐMUNDUR RAGNARSSON**
> FORMAÐUR VM



Guðmundur Ragnarsson, formaður VM, segir lífeyrissjóðina heiðarlega í svari. Guðmundur skrifar á vefsíðu VM að komi ósannsögli fram á síðari stigum þá geri stjórnarmenn og stjórnendur lífeyrissjóðanna sér fulla grein fyrir því að „afsakanir verða ekki teknar gildar síðar".

Vinna er hafin við að endursemja og auka siðareglur hjá sjóðunum og segir Guðmundur að í framtíðinni muni sjóðirnir borga allar ferðir starfsmanna.

Í lok bréfs VM er spurt hvort keppni lífeyrissjóðanna um besta sjóðinn og bestu ávöxtunina hafi ekki kallað á meiri áhættufjárfestingar. Ekkert kemur fram um svar sjóðanna við þessari spurningu en á vefsíðu Gildis kemur fram að sjóðurinn hafi verið valinn besti lífeyrissjóðurinn í fjögur ár í röð 2005-2008. Lagt verður til á aðalfundi Gildis í apríl að réttindi verði lækkuð um tíu prósent. Svör lífeyrissjóðanna verða ekki kynnt fyrr en á stjórnarfundi VM 2. apríl. **ghs@frettabladid.is**



**LENTI Í KIRKJUGARÐINUM** Sjö börn voru meðal þeirra sem létust í flugslysinu í Montana-ríki í Bandaríkjunum.

NORDICPHOTOS/AFP

Sextán látast í flugslysum:

## Sjö börn fórust í flugslysinu

**SLYS Fjórtán létust, þar af sjö börn, þegar flugvél brotlenti í kirkjugarði nálægt bænum Butte í Montana-ríki í Bandaríkjunum í fyrradag. Ekki er vitað hvað olli slysinu en enginn í vélinni komst lífs af.**

**Sama dag létust báðir flugmennirnir í flutningaflugvél þegar henni hvolfdi í lendingu á Narita-flugvelli í Japan. Talið er að öflug vindhviða hafi feykt vélinni á hvolf. Hún var frá hraðflutningafyrirtækinu FedEx.** **- jse**

Vestmannaeyjabær í hart:

## Umhverfisslys yfirvofandi

**SJÁVARÚTVEGUR** Vestmannaeyjabær krefst þess að fá að veiða síld í höfninni en Steingrímur J. Sigfússon, sjávarúrvegs- og landbúnaðarráðherra, tilkynnti á föstudag að henni skyldi hætt.

Elliði Vignisson bæjarstjóri sendi ráðherranum bréf í gær þar sem þessi krafa var kunngerð. Segir hann að um nauðsynlega hreinsun úr höfninni sé að ræða og því sé umhverfisslys yfirvofandi standi ráðherrann við ákvörðun sína. Ef hann gerir það mun Vestmannaeyjarbær krefja ríkið um greiðslur fyrir hreinsun vegna mengunartjóns þegar síldin drepst og rotnunin hefst. **- jse**




Yfirfærsla innlána SPRON til Kaupþings kom stjórnendum sjóðsins á óvart:

# Áttu von á að starfsemi héldi áfram

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnendur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) áttu von á því að sparisjóðurinn yrði yfirtekinn með svipuðum hætti og viðskiptabankarnir þrír. Það kom þeim mjög á óvart að SPRON hafi verið lokað og innlán flutt í Kaupþing, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Mikil óvissa er tengd yfirtöku Kaupþings á innlánum SPRON. Álagið á þjónustuver Kaupþings sló öll met í gær, og margir leituðu einnig til þjónustuvers SPRON.

Heimildarmenn Fréttablaðsins tengdir SPRON segja hæpið að yfirfærslan til Kaupþings gangi snurðulaust fyrir sig, þótt engin stór vandamál virðist hafa komið upp hjá Kaupþingi í gær.

Bent er á að starfsemi Kaupþings á höfuðborgarsvæðinu sé aðeins um helmingi meiri að umfangi en starfsemi SPRON, og því stór biti að gleypa að taka yfir öll innlán SPRON. Hætt sé við því að það bitni á viðskiptavinum sem fái verri þjónustu eftir yfirtöku.




**LOKAÐ** Starfsemi SPRON hefur í raun verið lögð niður að mestu. Innlán hafa verið færð til Kaupþings og skilanefnd stýrir því sem eftir er í sparisjóðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stjórnendur SPRON höfðu fengið tilboð frá skuldunautum félagsins skömmu áður en sparisjóðurinn var tekinn yfir. Þar var, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, boðin niðurfelling á um 20 prósentum skulda sjóðsins.

Nokkurrar kergju gætir meðal fyrrum stjórnenda með að hafa ekki fengið tíma til að gera gagntilboð og sjá viðbrögð kröfuhafa. Þeir virðast telja að laga hefði mátt stöðu sparisjóðsins þannig að ekki hefði þurft að koma til yfirtöku.

Í rökstuðningi FME fyrir yfirtöku félagsins kemur fram að SPRON hafi fengið ríflega fresti til að ná samningum við kröfuhafa og þeir hafi ítrekað verið framlengdir. Þrátt fyrir það hafi ekki tekist að semja um skuldirnar. Fullreynt hafi verið að það myndi takast. Í yfirlýsingu sem fráfarandi stjórn og forstjóri SPRON sendu frá sér í gær segir að sparisjóðurinn hafi ekki getað starfað eðlilega nema eiga greið viðskipti við Seðlabanka, sérstaklega í ljósi þess að ekki er um virkan millibankamarkað að ræða. **- bj**

# Atlantsolíudagur

**-5**



Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu **5 króna** afslátt fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. **Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.**

**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is**

**ATLANTSOLIA**

Atlantsolía - Lónsbraut 2 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

## GENGIÐ 23.03.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,64 | 113,18 |
| Sterlingspund | 164,33 | 165,13 |
| Evra | 153,82 | 154,68 |
| Dönsk króna | 20,643 | 20,763 |
| Norsk króna | 17,811 | 17,915 |
| Sænsk króna | 13,954 | 14,036 |
| Japanskt jen | 1,1683 | 1,1751 |
| SDR | 170,52 | 171,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

186,8572

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dalai Lama fær ekki að koma á friðarráðstefnu í Suður-Afríku:

# Tutu og de Klerk mæta ekki heldur

**JÓHANNESARBORG, AP** Stjórnvöld í Suður-Afríku hafa bannað Dalai Lama, leiðtoga Tíbeta, að koma á friðarráðstefnu sem hefst á í Jóhannesarborg á föstudag. Ástæðan fyrir banninu er sögð vera til að halda í góð samskipti við Kína. Þess í stað hefur ríkið orðið fyrir mikilli gagnrýni.

Það er suður-afríska knattspyrnusambandið sem stendur fyrir ráðstefnunni í tilefni þess að heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu verður í Suður-Afríku á næsta ári. Það verður í fyrsta sinn sem sú keppni er haldin í Afríku. Meðal umræðuefna verður hvernig berjast skal gegn kynþáttahatri og hvernig íþróttir geta sameinað fólk og þjóðir.

Fyrst Dalai Lama hefur verið bönnuð þáttaka hafa tveir friðarverðlaunahafar Nóbels, þeir Desmond Tutu, erkibiskup í Höfðaborg, og F.W. de Klerk, fyrrum forseti landsins, hafnað þátttöku á ráðstefnunni. Suður-Afríka „ætti að hleypa hverjum þeim að sem hefur lögmætra og friðsælla hagsmuna að gæta og það ætti ekki að ákveða á pólitískum forsendum, hver megi og hver megi ekki mæta,“ sagði de Klerk við fjölmiðla í gær þegar hann lýsti því yfir að hann myndi ekki taka þátt í ráðstefnunni.

Kína á í mestum viðskiptum við Suður-Afríku, af öllum löndum heimsálfunnar. - ss



**DALAI LAMA** Fyrst Dalai Lama fær ekki að fara á friðarráðstefnu í Jóhannesarborg ætla Desmond Tutu og F.W. de Klerk ekki að mæta heldur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Embætti sérstaks saksóknara:

## Saksóknari fái aukið fjármagn

**LÖGREGLUMÁL Rannsóknir embættis sérstaks saksóknara vegna bankahrunsins munu ekki stranda á fjárheimildum, segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.**

**Embættið þarf að vera öflugra og umfangsmeira en upphaflega var áætlað, og afar brýnt að saksóknarinn hafi nægt fé til að ráða þá starfsmenn sem þarf, og kaupa sérfræðiráðgjöf, segir Steingrímur.**

**Frumvarp sem styrkja mun heimildir sérstaks saksóknara til að afla gagna er nú til umfjöllunar á Alþingi.** - bj

Launahækkanir verkafólks:

## Fleiri fyrirtæki ætla að borga

**VINNUMARKAÐUR** Hrognavinnsla Vignis G. Jónssonar á Akranesi og fiskvinnslufyrirtækið Brim munu greiða starfsfólki sínu áður umsamdar launahækkanir, líkt og HB Grandi gerði nýlega.

Hjá Hrognavinnslunni starfa um þrjátíu manns og munu þeir fá 13.500 króna mánaðarlega viðbót á launin. Hjá Brimi starfa um tvöhundruð við landvinnslu.

Þessum launahækkunum hafði áður verið frestað í ljósi efnahagsástandsins.

Verkalýðsfélag Akraness greinir frá þessu á heimasíðu sinni, en félagið hefur um nokkurt skeið bent á að til séu fyrirtæki sem geti vel staðið við gerða samninga. - kóþ

**FINNLAND**

### Finnar öskureiðir

Fyrirætlanir sænska iðnaðarrisans Stora Enso um að flytja hluta af pappírs- og timburframleiðslu sinni frá Finnlandi til Svíþjóðar hafa mætt mikilli andstöðu í Finnlandi. Finnsku stéttarfélögin eru öskureið og hafa mótmælt kröftuglega.

# Vilja ekki lax alinn á mjöli úr matfiski

**Sænska verslunarkeðjan Coop íhugar að hætta sölu á norskum eldislaxi en hann er alinn á íslensku mjöli. Íslenskir framleiðendur vilja skýra sín sjónarmið. Vaxandi andstaða er við að mjöl úr matfiski sé nýtt í fiskeldi.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Sænska verslunarkeðjan Coop er nú með það til skoðunar að hætta að selja lax alinn á mjöli úr matfiski. Íslendingar veiddu í fyrra 110 þúsund tonn af makríl sem fór að mestu í mjöl, sem síðan var selt norskum laxabændum.

Vaxandi umræða er nú á meðal neytenda á Norðurlöndunum um uppruna eldisfisks. Sænska ríkissjónvarpið hefur verið með umfjöllun um málið og sýndi RÚV brot úr einum þættinum, sem vakið hefur hörð viðbrögð. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var framkvæmdastjóra Eskju sagt upp í kjölfar þáttarins og verksmiðjustjóri færður til í starfi.

Mikael Robertsson, yfirmaður umhverfismála hjá Coop, segir að hætta sé á að verslunin taki norskan eldislax úr búðum hjá sér í kjölfar umfjöllunar fjölmiðla. Krafan sé að laxinn sé ræktaður á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt. Meðal þess sem kemur fram í þættinum sænska er að fyrir hvert kíló af eldislaxi þurfi 2,5 af villtum fiski. Þá var fullyrt að mikið af þeim fiski sem færi í fóður kæmi úr stofnum sem væru ofveiddir, í hættu eða stunduð væri rányrkja á.

„Við höfum ákveðið að selja ekki fisk frá Chile, auk þess höfum við sett fram auknar kröfur um hvaða fiskur fer í fiskimjöl/fóður. Við viljum tryggja að þetta byggi á vísindalegum grunni, réttar tegundir séu, fiskurinn rétt unninn og vel rekjanlegur,“ segir Mikael. Coop sé að horfa æ meira til fisks sem alinn sé á fæði unnu úr grænmeti.



**LOÐNUVEIÐAR** Mest af því fiskimjöli sem selt er til Noregs er unnið úr loðnu. Bræðsla á makríl hefur hins vegar vakið viðbrögð á Norðurlöndum. Íslendingar óska eftir að fá makrílkvóta en aðrar þjóðir, til dæmis Norðmenn, hafa ekki viljað setjast að samningaborðinu.



**MIKAEL ROBERTSSON**

Coop er með 21,4 prósenta markaðshlutdeild á sænskum smávörumarkaði og velti tæpum 30 milljörðum sænskra króna á síðasta ári.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segist ekki hafa miklar áhyggjur af mjölmörkuðum. „Við þurfum að lýsa þeim staðreyndum sem búa að baki okkar veiðum og þá eru engar forsendur til að banna eitt eða neitt af íslenskri framleiðslu.“

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, segist ekki telja að þetta hafi áhrif á viðskipti fyrirtækisins. Mikilvægt sé að kynna fiskveiðikerfi Íslendinga, sem byggist á sjálfbærni. Allar afurðir fyrirtækisins séu rekjanlegar til stofna sem stýrt sé í fiskveiðikerfinu.

Árið 2005 nam mjölútflutningur 10 prósentum af heildarverðmæti útfluttra sjávarafurða. Langstærstur hluti er fluttur til Noregs þar sem mjölið er nýtt í fiskeldi.

kolbeinn@frettabladid.is



**GIFTAST Á NÆSTA ÁRI** Viktoría, krónprinsessa Svíþjóðar, giftist sínum heitt elskaða Daniel Westling 19. júní.

Krónprinsessa Svíþjóðar:

## Giftist Daníel 19. júní 2010

**SVÍÞJÓÐ** Viktoría, krónprinsessa Svía, og unnusti hennar, Daniel Westling, gifta sig laugardaginn 19. júní á næsta ári. Hjónavígslan fer fram í Stórkirkjunni í Stokkhólmi.

Nítjándi júní er merkilegur dagur hjá sænsku konungsættinni því að mörg brúðkaup hafa farið fram þennan dag. Karl Gústaf Svíakonungur gekk að eiga Silvíu drottningu þennan dag árið 1976 og Óskar krónprins giftist Jósefínu av Leuchtenberg 19. júní árið 1823. - ghs

Morð í Noregi:

## Mikið blóð úti um alla íbúð

**NOREGUR Barnshafandi kona fannst myrt ásamt tveimur öðrum í íbúð í Tromsø í Noregi á sunnudaginn. Maður hefur verið handtekinn fyrir morðin en hann hefur átt við geðsjúkdóm að stríða og hlotið dóm fyrir rán í Svíþjóð. Eiginmaður konunnar og móðir hans eru meðal þeirra myrtu, að sögn NRK.**

**Árásarmaðurinn er talinn hafa brotist inn í íbúðina til nágranna sinna. Móðirin fannst á stofugólfinu í íbúðinni en parið fannst á gólfinu inni í svefnherbergi. Talið er að átök hafi átt sér stað og þremenningarnir hafi verið myrtir með hníf þar sem mikið blóð er í íbúðinni.** - ghs


20 ÁRA STARFSAFMÆLI

ALLIR FISKRÉTTIR

990 KR/KG

ÝSA Í RASPI, MARINERAÐAR FISKSTEIKUR OG ALLIR FISKRÉTTIR.

Hlakka til að sjá alla mína gömlu og nýju viðskiptavini í gegnum árin

*Tilboðið gildir út alla vikuna*

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VETUR Í KORTUNUM**

Í dag og raunar næstu daga verður víða vetrarlegt á landinu. Í dag er lægð að ganga austur með landinu og því má búast við snjókomu eða slyddu en þó rigningu allra syðst um hádegi. Lægðin gengur svo austur á bóginn og í kjölfarið gengur hann í norðlæga átt og við taka kaldir vindar með frosti víða um land. Að deginum gæti þó hitinn hangið yfir núllinu sunnanlands.





Á MORGUN 3-10 m/s

FIMMTUDAGUR 8-15 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Amsterdam | 9° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 2° |
| Eindhoven | 8° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| New York | 7° |
| Orlando | 25° |
| Osló | 0° |
| París | 10° |
| Róm | 16°- |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


Við erum hér fyrir þig
Markmið okkar er að þú getir nýtt þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf.
Við viljum því bjóða þér að hafa samband, hringja eða koma í heimsókn og kynna þér hvaða þjónustu og lausnir við höfum að bjóða.
Við viljum einfaldlega að þú njótir þess besta sem við bjóðum.
Með bestu kveðju,
starfsfólk Byrs
BYR
SPARISJÓÐUR
Við tökum vel á móti þér
Akureyri Skipagata 9 :: Reykjavík Borgartún 18, Hraunbær 119 :: Garðabær Litlatún 3 :: Hafnarfjörður Strandgata 8-10 :: Kópavogur Digranesvegur 1
Sími: 575 4000 - www.byr.is
DYNAMO REYKJAVÍK

KJÖRKASSINN



*Hefur þú farið á skíði í vetur?*

| | |
|---|---|
| Já | 12,5 |
| Nei | 87,5 |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Á að lögleiða kannabisefni?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Vísir

Viðskiptaráðherra segir vert að standa vörð um stofnfjárkerfi sparisjóðanna:

# Háeffun SPRON var misráðin

**ALÞINGI** Það voru mistök að heimila sparisjóðunum að verða hlutafélög. Þetta er mat Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra.

„Það er einfaldlega hægt að draga þá ályktun af því sem gerst hefur undanfarin misseri að hlutafélagavæðing sparisjóðanna var mjög misráðin,“ sagði Gylfi þegar hann flutti í gær Alþingi skýrslu um yfirtöku stjórnvalda á Spron og Sparisjóðabankanum.

Spron, sem var breytt í hlutafélag sumarið 2007, laut einn sparisjóða lögmálum hlutafélaga. Aðrir sparisjóðir bjuggu við stofnfjárkerfi. Innan Byrs og Sparisjóðs Keflavíkur höfðu þó verið stigin skref í átt til hlutafélagavæðingar.



GYLFI MAGNÚSSON viðskiptaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gylfi Magnússon upplýsti þingið í gær um framtíðarsýn sína fyrir sparisjóðakerfið. Sagðist hann vilja sjá staðbundna sparisjóði sem þjóni einstaklingum og smærri fyrirtækjum. Ættu þeir að vera heldur íhaldssamar fjármálastofnanir og ekki í starfsemi á borð við fjárfestingarbankastarfsemi. Þá sagði Gylfi að standa ætti vörð um stofnfjárkerfi sparisjóðanna, ekki síst í ljósi reynslunnar.

Sá munur er meðal annars á stofnbréfum og hlutabréfum að stofnbréf má ekki selja nema með heimild sparisjóðsins sjálfs og stofnfjáreign vex ekki með hugsanlegum vexti sparisjóðsins.

Forsvarsmenn sparisjóðanna sem eftir standa munu funda með viðskiptaráðherra í vikunni og ræða frekar framtíðarskipulag starfseminnar. - bþs

Lundúnalögreglan:

# Býr sig undir óeirðir í apríl

**LONDON, AP Lundúnalögreglan býr sig nú undir mikil mótmæli og hugsanlegar óeirðir í næstu viku þegar leiðtogar tuttugu helstu iðnríkja heims hittast í London. Þar á meðal verður forseti Bandaríkjanna, Barack Obama.**

**Lögregla mun í varnaðarskyni loka vegum og neðanjarðarlestarstöðvum. Þá hefur þeim sem starfa í fjármálageiranum verið ráðlagt að klæða sig frjálslega 2. apríl þegar fundurinn fer fram. Áætlað er að mótmælin muni kosta London um fimm milljónir punda á dag og telur lögreglan að ætlan mótmælenda verði að loka fjármálahverfinu í London. - ss**



HJÓNIN HERJA VESTUR Gréta Hrund Grétarsdóttir og Gunnar Bjarki, eigendur Ferskvinnslunnar, opna útibú í Súðavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐ

Opnar útibú í Súðavík:

# Í útrás vestur

**SJÁVARÚTVEGUR Fiskvinnslufyrirtækið Ferskvinnslan í Hafnarfirði opnar útibú í Súðavík í næsta mánuði. Tólf vinna hjá fyrirtækinu í Hafnarfirði en fimm til sex þar að auki munu starfa fyrir vestan þegar starfsemin verður komin á fullt.**

**„Við höfum verið að kaupa mikið af fiski frá fyrirtækinu Sumarbyggð í Súðavík og öðrum þarna fyrir vestan og í stað þess að vera að flytja allt suður er skynsamlegra að vinna hann bara þar,“ segir Gunnar Bjarki Finnbogason, annar eigenda Ferskvinnslunnar. Hann segir vel koma til greina að opna útibú annars staðar á landinu skapist tækifæri til þess. - jse**

EFNAHAGSMÁL

### Sparisjóður vill ríkisaðstoð

Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur hefur óskað eftir því að sjóðnum verði lagt til nýtt eigið fé sem nemur 20 prósentum af bókfærðu eigin fé í árslok 2007. Stuðningurinn gæti numið um 400 þúsundum króna.

SAMFÉLAGSMÁL

### Fundur um ættleiðingu

Alþjóðleg ættleiðing heldur opinn kynningarfund á miðvikudagskvöldið í Safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju. Á fundinum verður starfsemi félagsins kynnt og fjallað um helstu verkefni. Fundurinn hefst klukkan hálfníu.

# Viðskiptavinir og starfsmenn hittust

**Þótt engin þjónusta hafi farið fram í útibúum SPRON mættu nær allir starfsmenn til að þiggja og veita stuðning. Einnig mættu fjölmargir viðskiptavinir og sýndu starfsfólki stuðning. Mikið álag í Kaupþingi sem tók yfir innstæðurnar.**

**EFNAHAGSMÁL** „Það er eins og viðskiptavinirnir kenni meira í brjósti um okkur en sjálfa sig enda má segja að í mörgum tilfellum hafi verið farin að skapast vinatengsl þarna á milli,“ segir Ólafur Már Svansson, formaður starfsmannafélags SPRON.

Þótt engin þjónusta væri veitt í útibúunum var opið upp á gátt í gær og mættu nær allir starfsmenn þótt einungis fáir hefðu þar skyldum að gegna en nokkrir unnu að verkefnum fyrir skilanefndina. Eins komu fjölmargir viðskiptavinir SPRON.

„Það var frjáls mæting en svona um 99 prósent starfsmanna mættu til að styðja hver annan, halda rútínunni og tala saman,“ segir hann. Síðdegis var síðan haldinn fundur þar sem Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri bankans, og Harpa Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs og reksturs hjá bankanum, leituðust við að svara spurningum starfsmanna. „Þetta var svo sem enginn átakafundur en framkvæmdastjórarnir gerðu okkur grein fyrir stöðunni og hún er svo sem bara óbreytt enn þá þannig að þetta var frekar eins og peppfundur,“ segir Ólafur Már. Einnig var fulltrúi frá skilanefndinni á fundinum.

Ekki hefur verið ákveðið um frekari fundarhöld en Ólafur Már segir að dyrnar standi opnar í útibúunum í dag rétt eins og í gær.

Mikið álag var hjá starfsfólki þjónustuvers Nýja Kaupþings sem svaraði spurningum þeirra sem hafa verið í viðskiptum hjá SPRON (og Netbankanum, nb.is) en eins og kunnugt er tók bankinn yfir innstæður SPRON. „Það eru 2.700 manns búnir að hringja inn í dag,“ sagði Berghildur Erla Bernharðsdóttir, upplýsingafulltrúi Nýja Kaupþings, um klukkan þrjú í gær en opið er í þjónustuverinu til klukkan sjö síðdegis. Hún segir að á venjulegum degi hringi að meðaltali um 1.200 manns. Segir hún enn fremur að athygli hafi vakið hversu þolinmóðir og jákvæðir viðskiptavinir SPRON hafi verið miðað við þær sorglegu aðstæður sem uppi eru komnar.

Nýja Kaupþing hefur einnig sett inn á vef sinn svör við algengum helstu spurningum þessa hóps. „Það er langmest spurt um það hvað verður um útlán og svo lífeyrissparnað,“ segir Berghildur Erla. „En ákvörðun um hvoru tveggja er í höndum skilanefndar og Fjármálaeftirlitsins því eins og staðan er núna þá eru það aðeins innstæður sem færast yfir til okkar.“ jse@frettabladid.is



VIÐSKIPTAVINUR KEMUR VIÐ Þeir sem litu inn í bankann komu ekki til að taka út heldur veita stuðning og athuga um starfsfólkið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**UPPLÝSINGAR FYRIR VIÐSKIPTAVINI SPRON**

Fjármálaeftirlitið hefur látið fresta innlausnum allra verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða Rekstrarfélags SPRON hf., sem stofnað var um eignir bankans.

Upplýsingar fyrir viðskiptavini SPRON vegna yfirtöku innstæðna: http://www.kaupthing.is/?PageID=5125

Eða smella á „Spurt og svarað“ á vefsíðu Nýja Kaupþings.



SMÁR EN KNÁR Nanó er sannkallaður smábíll eins og sést á myndinni. NORDICPHOTOS/AFP

Tata Nano á markað:

# Nýr bíll kostar 225 þúsund

**INDLAND, AP** Ódýrasti fjöldaframleiddi bíll veraldar fer á markað í Indlandi á næstu tíu dögum. Bíllinn, sem er framleiddur af Tata Motors, kallast Nano. Nýr úr kassanum mun hann kosta tæpa tvö þúsund dollara, eða um 225 þúsund krónur.

Bíllinn, sem er kallaður „bíll fólksins“, er þriggja metra langur og fimm sæta. Hann er fjögurra dyra og skilar vélin 33 hestöflum.

Tata Motors hefur framleitt bíla í hálfa öld. Fyrir fimm árum keypti fyrirtækið suður-kóreska bílaframleiðandann Daewoo og í fyrra keypti það Jagúar og Land Rover af Ford. - th

Vélsleðaslys fyrir norðan:

# Féllu um tíu metra á fjalli

**SLYS Tveir menn slösuðust þegar þeir fóru fram af hengju á vélsleðum austan við Sandfell í Öxarfirði um klukkan tvö á sunnudag. Talið er að þeir hafi fallið um tíu metra og fékk annar vélsleðann yfir sig, að sögn lögreglu á Húsavík. Voru þeir fluttir með þyrlu Landhelgisgæslunnar áleiðis á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Annar þeirra var útskrifaður sama dag en hinn verður að öllum líkindum útskrifaður í dag. - jse**


KYNNING Á MEISTARANÁMI Í DAG!

Nýir tímar kalla á nýja sýn - gagnrýna hugsun, sköpunarkraft og samskiptaleikni. Það er einmitt þetta sem starfsemi Háskólans í Reykjavík grundvallast á og endurspeglast í rannsóknum, kennsluaðferðum og menningu skólans.

Háskólinn í Reykjavík býður 24 námsleiðir í meistaranámi.

Líttu við í dag, þriðjudaginn 24. mars, kl. 16.00 – 18.00.
Staður: Ofanleiti 2, 103 Reykjavík.




HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



EIGNASTÝRING MP
- traustsins verð
MP Banki var stofnaður árið 1999 af Margeiri Péturssyni og verður 10 ára á þessu ári.
Bankinn fékk fjárfestingarbankaleyfi árið 2003 og viðskiptabankaleyfi í október 2008.
Eignastýring MP er traust og óháð.
MP Banki hefur sýnt hlutleysi gagnvart fjárfestingarkostum á markaði.
Árangurstengdar þóknanir tryggja að hagsmunir fara saman.
Aðferðarfræði MP Banka hefur skilað viðskiptavinum framúrskarandi árangri á síðustu árum óháð markaðsaðstæðum.
Meðalraunávöxtun eignastýringarsafna var 8,5% á ári undanfarin 6 ár*.
MP Banki býður nú einnig innlánsreikninga. Viðskiptavinir Eignastýringar njóta ávallt bestu innlánsvaxta MP Banka.
Kynntu þér Eignastýringu MP á www.mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.
MP BANKI
H:N markaðssamskipti / SÍA
Skipholt 50d 105 Reykjavík sími 540 3200 info@mp.is www.mp.is
10 1999 2009 ÁRA
* Raunávöxtun leiða 1 og 2, 2003-2008 skv. útreikningi MP Banka. Ávöxtun miðast við söfn sem hafa verið í stýringu allt árið.
Um 80% viðskiptavina Eignastýringar eru í leiðum 1 og 2. Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

# VG vill félagsleg gildi í nýju fjármálakerfi

**Vinstristjórn er vegur til framtíðar að mati VG sem leggur megináherslu á að Sjálfstæðisflokknum verði haldið frá völdum eftir kosningarnar í apríl. Varaformaðurinn segir kosningabaráttuna ekki mega snúast um loforð og yfirboð.**

**STJÓRNMÁL** Nýtt og heilbrigt fjármálakerfi þar sem félagsleg gildi eru höfð í heiðri í stað áhættusækni og skammtímagróðasjónarmiða er meðal þess sem VG leggur áherslu á í kosningabaráttunni fram undan. Skilja ber á milli viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarstarfsemi og halda einum banka í ríkiseigu.

Landsfundi flokksins lauk á sunnudag með frágangi á plaggi þar sem útlínur stefnumála eru dregnar. Skiptist það í fjóra þætti: lýðræðis-, velferðar-, atvinnu- og efnahagsmál og geymir fjölmarga liði.

Meðal lýðræðisumbóta sem VG vill hrinda í framkvæmd er að færa lagasmíð í auknum mæli úr ráðuneytum inn í þingið, taka upp tímabundna kynjakvóta, setja heildstæða fjölmiðlalöggjöf, endurskoða lagaumhverfi Ríkisútvarpsins og ljúka rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þá segir að stórákvarðanir á borð við aðild að ESB eigi að útkljá með þjóðaratkvæðagreiðslu að undangenginni upplýstri og lýðræðislegri umræðu. Um leið er tekið fram að afstaða flokksins sé að hagsmunum Íslendinga sé best borgið utan ESB.

Katrín Jakobsdóttir varaformaður segir að í ljósi efnahagsástandsins verði kosningabaráttan nú öðru vísi en áður. „Hún má ekki snúast um loforð og yfirboð heldur um að tala við fólk,“ segir Katrín. Almennt telja frambjóðendur mikilvægt að traust milli almennings og stjórnmálamanna verði endurvakið.



**STEFNAN KYNNT Í STUTTU MÁLI** Frambjóðendur VG spjölluðu við blaðamenn í kosningamiðstöð sinni við Tryggvagötu í Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

VG vill lækka vexti og afnema verðtryggingu í áföngum, hækka atvinnuleysisbætur, útrýma launamun og tryggja að fólk hafi þak yfir höfuðið þrátt fyrir tímabundna erfiðleika við að greiða af húsnæðislánum.

Í atvinnumálum leggur VG áherslu á atvinnusköpun á forsendum sjálfbærrar þróunar og dæmir þar með mengandi orkufreka stóriðju úr leik. Styðja á við bakið á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, vinda ofan af fiskveiðistjórnunarkerfinu og endurskoða styrkjakerfi landbúnaðarins.

VG vill taka upp þriggja þrepa skattkerfi og leggja á þriggja prósenta viðbótarskatt á tekjur umfram 500 þúsund og átta prósenta viðbótarskatt á enn hærri tekjur. Þá vill flokkurinn greina nákvæmlega valkostina í gjaldmiðlamálum á fyrri hluta næsta kjörtímabils, skera niður alla hernaðartengda starfsemi, leggja Varnarmálastofnun niður og gera Ísland að griðastað í deilum annarra ríkja. **bjorn@frettabladid.is**

---

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða tvö félög yfirtók Fjármálaeftirlitið á laugardag?*
2. *Hvað heitir nýr forstjóri Marel?*
3. *Hver var markahæsti leikmaður Íslands í landsleik handknattleikslandsliðsins við Eistlendinga á sunnudag?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

---

Barack Obama:

## Þarf áætlun um heimköllun

**BANDARÍKIN** Bandaríkin þurfa að hafa áætlun um heimköllun hermanna frá Afganistan, þrátt fyrir að vera nú að fjölga hermönnum þar í landi. Þetta sagði Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, í viðtali í sjónvarpsþættinum 60 mínútur á CBS á sunnudag. Bandarísk stjórnvöld undirbúi nú heildaráætlun fyrir Afganistan. Helsta markmið áætlunarinnar væri að koma í veg fyrir árásir á Bandaríkin.



BARACK OBAMA

Obama sagði jafnframt að hernaðarmáttur myndi ekki nægja til að ná fram markmiðum bandarískra stjórnvalda. Efla þyrfti efnahag Afganistans og bæta samskipti við Pakistan. - ss

---

Birkir Jón Jónsson:

## Vill að sendiherrastöður verði auglýstar

**ALÞINGI** Varaformaður Framsóknarflokksins, Birkir Jón Jónsson, vill að embætti sendiherra verði eftirleiðis auglýst laus til umsóknar. Utanríkisráðherrar hafa nú algjörlega frjálsar hendur um skipan í embættin.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra svaraði því til á Alþingi í gær að hugmynd Birkis væri ágæt og að hún yrði tekin til skoðunar í ráðuneytinu. Sagði hann við það tækifæri að ekki stæði til að fjölga sendiherrum, enda nóg af þeim. - bþs

---

Sjálfstæðisflokkurinn:

## Vill ein lög um hjónavígslur

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn vill breyta hjúskaparlögum, þannig að ein lög gildi um gagn- og samkynhneigða, segir í drögum að ályktun um fjölskyldumál, sem flokkurinn gerir fyrir landsfund sinn um næstu helgi.

Þá telur flokkurinn „óeðlilegt að forstöðumenn trúfélaga hafi á sínum höndum þann löggjörning sem hjónavígsla felur í sér“, segir í drögunum. Gjörningur sá eigi að vera í höndum ríkisins; þannig geti trúfélög ráðið því sjálf hvernig sambúðarform þau blessi. - kóp

---

**LÍBANON**

### Fjórir létust í sprengjutilræði

Háttsettur Fatah-liði og þrír öryggisverðir hans létust í sprengjutilræði í suðurhluta Líbanon á mánudag. Sprengingin varð þegar þeir keyrðu frá palestínskum flóttamannabúðum.

---


# ERTU MEÐ RÉTTU MÆLANA FYRIR REKSTURINN?

Allar nauðsynlegustu upplýsingar við hendina með TARGIT stjórnendalausninni.






- *Lifandi mælaborð sem sýnir alla helstu þætti rekstursins á rauntíma*
- *Skjótari og upplýstari ákvörðunartaka*
- *Flókin gögn úr mörgum áttum í einni skjámynd*
- *Dýrmætum tíma eytt í aðalatriðin - ekki aukaatriðin*

TARGIT business intelligence

*Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar um TARGIT stjórnendalausnina.*

*„Með því að nýta sjálfvirka eftirlitskerfið í Targit getum við látið kerfið vakta helstu lykiltölur! Langur tími í skýrslugerðir fyrir fundi eru úr sögunni þar sem kerfið sendir okkur sjálfkrafa skýrslur í tölvupósti með nýjustu gögnunum á ákveðnum tímum.“*

*Gísli Jónsson – Johan Rönning ehf.*

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics

LANDSTEINAR STRENGUR
Ármúla 7 · 108 Reykjavík · Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is

*Okkar þekking - þitt forskot!*

# Chiro heilsurúmin



# Vortilboð - 30% afsláttur






Val um 100% náttúruleg gæðaefni.



Laserskorin ConformaFoam eða
Latex heilsu og hægindalag.



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja
stífan setkant og meira svefnsvæði.



Tvíhert háþróað gormakerfi.

**Sjá nánar á www.betrabak.is**

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**AÐALFUNDUR CCP hf.**

Aðalfundur CCP hf. verður haldinn þriðjudaginn 7. apríl 2009 á skrifstofu félagsins að Grandagarði 8, Reykjavík og hefst kl. 12:00.

**DAGSKRÁ:**

Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.07 samþykkta félagsins

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn CCP hf. skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en 5 sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, sbr. 63. gr. (a) hlutafélagalaga nr. 2/1995. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 7 dögum fyrir aðalfund.

Aðalfundarstörf munu fara fram á ensku.

CCP




**VÉLSLEÐI** Ungri stúlku voru dæmdar bætur eftir vélhjólaslys. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

Fær greiddar bætur eftir vélsleðaslys:

# Faðir kærasta þarf að greiða bæturnar

**DÓMSTÓLAR** Ungri konu voru í Héraðsdómi Reykjaness dæmdar rúmlega átta milljónir króna í bætur vegna slyss sem hún varð fyrir á vélsleða. Faðir kærasta stúlkunnar greiðir henni bæturnar.

Slysið varð þegar hún var 17 ára gömul, en þá fór hún með kærasta sínum og föður hans að Hafravatnsvegi. Meðferðis var vélsleði föður kærastans, en sleðinn var ekki vátryggður. Enginn hjálmur var notaður í ferðinni og stúlkan keyrði sleðann án nokkurrar leiðsagnar eiganda. Hún festi sleðann og kærasti hennar og faðir hans losuðu hana. Ók stúlkan þá niður brekku, missti stjórn á sleðanum og kastaðist af honum. Hún flaug töluverða vegalengd og hlaut af því höfuðáverka.

Stúlkan þurfti að gangast undir aðgerð þar sem skaddað svæði í hægra gagnaugablaði heilans var fjarlægt. Hún telst búa við 5 prósent varanlega örorku samkvæmt mati og 12 prósent varanlegan miska.

Tekist var á um bótaskyldu eiganda sleðans, þar sem stúlkan var sjálf undir stýri. Stefndi taldi sig ekki hafa þurft að leiðbeina stúlkunni og aksturinn hefði verið á hennar ábyrgð. Skráningar- og tryggingarskylda var hins vegar vanrækt og öryggisbúnaði áfátt. Málskostnaður var felldur niður.

- kóp




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 87 **Velta:** 320 milljónir

**OMX ÍSLAND 15**
242 **+0,51%**

**OMX ÍSLAND 6**
637 **+0,57%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ÖSSUR** | 3,16% |
| **FØROYA BANKI** | 2,19% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **MAREL FOOD SYS.** | 0,69% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 260,00 +0,00% ... Bakkavör 1,43 +0,00% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 116,50 +2,19% ... Icelandair Group 7,00 +0,00% ... Marel Food Systems 46,10 +5,73% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Össur 98,00 +3,16%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Áhugaleysi fjárfesta áhyggjuefni stjórnvalda

„Takmarkaður áhugi fjárfesta í útboði Seðlabankans á ríkisbréfum síðastliðinn föstudag hlýtur að vera stjórnvöldum nokkurt áhyggjuefni,“ segir Greining Íslandsbanka. „Sér í lagi í ljósi þess að útboðinu var meðal annars ætlað að koma til móts við hluta af stórum gjalddaga innstæðubréfa í þessari viku.“

Fram kemur að Seðlabankinn hafi ráðgert að taka tilboðum fyrir allt að 20 milljarða króna í lengstu ríkisbréfaflokkunum þremum. Tilboðum var tekið fyrir rúma 13 milljarða króna.

„Ætla má að útlendingar hafi verið atkvæðalitlir í útboði föstudagsins þar sem þeir hafa sótt mest í stystu ríkisbréfaflokkana,“ segir í greiningunni og bent á að uppgjörsdagur útboðsins standist á við gjalddaga innstæðubréfa Seðlabanka á



**SEÐLABANKINN** Lánamál ríkisins eru með aðsetur í Seðlabanka Íslands en þar er haldið utan um útboð á ríkisbréfum og -víxlum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

morgun. Ekki verði hægt að kaupa ný innstæðubréf í stað allra þeirra bréfa sem séu á gjalddaga. Í gær hafi átt að bjóða út bréf fyrir 75 milljarða króna, en útistandandi séu um 123 milljarðar. „Raunar er rétt að benda á að öfugt við stóra gjalddaga á skuldabréfum með árlegar eða hálfsárslegar vaxtagreiðslur ættu ekki að verða mikil áhrif á krónuna af gjalddaga innstæðubréfanna þar sem vextir af þeim eru greiddir vikulega.“

Greining Íslandsbanka segir lítinn áhuga útlendinga í útboði föstudagsins vera í takt við þróun undanfarinna mánaða. Hins vegar sé takmörkuð eftirspurn í útboði föstudagsins einnig til marks um að þeir innlendu fjárfestar sem umsvifamestir hafa verið í útboðum ársins hafi einnig haldið sig meira til hlés. „Þar sem ríkissjóður á enn töluverðan sjóð á viðskiptareikningi sínum í Seðlabanka er ekki hundrað í hættunni fyrir ríkið þótt áhuginn á útboði föstudagsins hafi ekki reynst meiri en raun bar vitni. Þetta svigrúm mun þó minnka eftir því sem á árið líður.“ **- óká**



**Í KRINGLUNNI** Kaupmáttur launa hefur rýrnað hér á landi síðustu misseri í takt við mikla verðbólgu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## Meiri kaupmáttarsamdráttur en lengi hefur sést

Laun stóðu í stað í febrúar á þessu ári samkvæmt mælingu Hagstofunnar. Launavísitalan var óbreytt frá fyrra mánuði, 355,7 stig. Kaupmáttur launa lækkaði um 0,5 prósent milli mánaða.

„Launamenn hafa að undanförnu verið að taka á sig launalækkanir auk þess sem kjarasamningsbundnum hækkunum hefur í mörgum tilvikum verið slegið á frest. Búast má við að enn muni draga úr hraða launahækkana á næstu misserum,“ segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka.

Samdráttur kaupmáttar er um leið sagður meiri en hér hafi sést í áratugi. „Kaupmáttur hefur dregist saman jafnt og þétt undanfarið ár í takti við vaxandi verðbólgu. Minnkandi kaupmáttur launa hefur nú þegar haft mikil áhrif á heimilin í landinu sem hafa þurft að draga úr útgjöldum og fjárfestingum til að bregðast við gjörbreyttu efnahagsumhverfi.“ **- óká**



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Sparisjóðurinn í Keflavík hefur nýtt sér heimild í lögum til að selja Íbúðalánasjóði skuldabréf með veði í fasteignum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SpKef selur til Íbúðalánasjóðs

Sparisjóðurinn í Keflavík (SpKef) selur Íbúðalánasjóði skuldabréfasafn fyrir um 10 milljarða króna. Þetta kemur fram í tilkynningu sjóðsins til Kauphallar síðdegis í gær.

Skuldabréfasafnið er tryggt með veði í íbúðarhúsnæði, en vísað er til heimildar til þessa í samræmi við lög og reglugerðir sem gildi tóku undir lok síðasta ár og reglur Íbúðalánasjóðs um kaup á skuldabréfum fjármálafyrirtækja.

Íbúðalánasjóður er sagður munu greiða 80 prósent af uppreiknuðu virði safnsins með afhendingu íbúðabréfa. „Eftirstöðvarnar, eða 20 prósent, er krafa SpKef á Íbúðalánasjóð sem kemur til með að verða gerð upp að átta árum liðnum,“ segir í tilkynningunni. Salan á íbúðabréfunum er ekki sögð munu hafa áhrif á eiginfjárstöðu Sparisjóðsins í Keflavík. **- óká**


# TILKYNNING TIL VIÐSKIPTAVINA SPRON OG nb.is

### INNSTÆÐUR AÐ FULLU TRYGGÐAR

- Að tilmælum stjórnvalda hafa allar innstæður hjá SPRON og nb.is verið færðar yfir í Nýja Kaupþing. Innstæðurnar eru að fullu tryggðar samkvæmt yfirlýsingu frá ríkisstjórninni. Engin útlán viðskiptavina SPRON og nb.is hafa færst yfir til Nýja Kaupþings.

### NETBANKI, DEBET- OG KREDITKORT

- Viðskiptavinir SPRON og nb.is geta stundað öll almenn bankaviðskipti í gegnum netbanka sína. Debet- og kreditkort virka eins og áður.

### AÐGENGI AÐ NETBANKA FYRIR VIÐSKIPTAVINI SPRON

- Viðskiptavinir SPRON hafa aðgengi að netbanka SPRON næstu daga en þeir fá jafnframt aðgengi að netbanka Kaupþings.

### VIÐ ERUM REIÐUBÚIN AÐ VEITA ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR

Starfsfólk Kaupþings svarar almennum fyrirspurnum í síma **444 7000** og í útibúum Kaupþings. Jafnframt geturðu nálgast frekari upplýsingar á vefsíðu okkar, www.kaupthing.is

Með vinsemd og virðingu,

Starfsfólk Kaupþings

www.kaupthing.is KAUPÞING

# Atkvæðin eru okkar vopn!

Forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna er, þrátt fyrir 25% launalækkun, launahæsti forstjóri íslensks lífeyrissjóðs. Starfskjör hans fela einnig í sér bifreiðahlunnindi sem hann að sjálfsögðu nýtir. Á sama tíma þurfa eldri sjóðsfélagar sennilega að horfa upp á skerðingu á lífeyrisréttindum sínum.

Eldri borgurum, 65 ára og eldri, og aðstandendum ofbýður þessi framkoma við fólkið. Hvernig stendur á því að enn eru ákveðnir einstaklingar að sukka með peningana okkar?

Við þökkum fyrir hreinsanirnar í Fjármálaeftirlitinu og Seðlabankanum en verkinu er ekki lokið. Það þarf að taka til í lífeyrissjóðunum svo þeir geti gegnt því hlutverki sem þeim er ætlað, að tryggja sjóðsfélögum góð lífskjör á efri árum. Í stað þess að greiða fáum einstaklingum ofurlaun gætu lífeyrissjóðirnir byggt hagkvæmt leiguhúsnæði fyrir aldraða. Vilji þjóðarinnar er ótvíræður, 70,8% vilja að sjóðirnir hafi heimild til að byggja og reka húsnæði fyrir eldri borgara sem greitt hafa í sjóðina.

**Viðhorf til þess að lífeyrissjóðurinn byggi eða reki húsnæði.**

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) því að lífeyrissjóðurinn þinn byggi og reki húsnæði fyrir þá eldri borgara sem greitt hafa í sjóðina?




**Breyting á viðhorfi ef kostnaður sjóðsins gæti rýrt höfuðstól hans.**

Ertu hlynnt(ur) því þó að það geti haft kostnað í för með sér fyrir sjóðinn og rýrt höfuðstól hans?




**Skv. könnun Capacent Gallup.**

Samkvæmt stjórnendum lífeyrissjóðanna strandar slík bygging einungis á lögum. Velferð eldri borgara veltur á því að peningarnir þeirra séu notaðir rétt í þeirra þágu. Aldraðir hafa ekki efni á að borga hæstu laun á Íslandi.

Jóhanna, nú hefur þú tækifæri til að standa við orð þín um að velferð aldraðra gangi fyrir. Það er líka spilling í lífeyrissjóðakerfinu, þar þarf að taka til.

íslenskur ríkisborgari

## Undirskriftasöfnun

**www.okkarsjodir.is**

Við viljum endurskoðun á lífeyrissjóðakerfinu strax. Það gengur ekki að lífeyrisgreiðslurnar okkar séu notaðar til að borga sukk örfárra einstaklinga í stað þess að þær séu nýttar í okkar þágu. Við höfum fengið nóg.

Undirskriftirnar sem safnast verða afhentar Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra.

Þú getur fyllt miðann út og sent þína undirskrift með pósti:
Sælgætisgerðin Góa
B.t. Helga Vilhjálmssonar
Garðahrauni 2
210 Garðabæ

**Undirskriftum er einnig safnað á netinu: www.okkarsjodir.is.**

**Nafn:** ______________________

**Kennitala:** ______________________

# Jóhanna!
# Nú er valdið í þínum höndum!



Morgunblaðið
7. janúar 2009.


SJÓÐURINN SKAFFAR STJÓRANUM CADILLAC

Eiga lífeyrisþegar að greiða fyrir lúxusbíla forstjóranna?

DV
3. mars 2009.


**Launagreiðslur helstu lífeyrissjóða 2007**
í milljónum kr.

| | Laun og launatengd gjöld | Laun framkv.-stjóra | Laun stjórnarmanna | Raunávöxtun eigna 2007 |
|---|---|---|---|---|
| Lífeyriss. starfsm. ríkisins | 245,0 | 19,8 | 7,7 | -0,8% |
| Lífeyrissj. verslunarmanna | 268,8 | 29,8 | 10,7 | 1,1% |
| Gildi lífeyrissjóður | 188,4 | 21,5 | 8,3 | 2,4% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 135,4 | 16,7 [2] | 5,3 | 0% |
| Alm. lífeyrissjóðurinn | 143,8 [1] | - | 7,6 | -4,1-6,5% |
| Stafir lífeyrissjóður | 94,3 | 19,0 | 5,9 | 0,90% |

**Árslaun nokkurra lífeyrissjóðaforstjóra**

29,8 millj. Þorgeir Eyjólfsson Lífeyrissj. verslm.

21,5 millj. Árni Guðmundsson Gildi – lífeyrissjóður

19,8 millj. Haukur Hafsteinss. LSR

19 millj. Ólafur Sigurðsson Stafir lífeyrissj.

Eignir lækkuðu um 202 milljarða í október

Árslaun forstjóranna duga fyrir 15 íbúðum fyrir aldraða.

Morgunblaðið
10. desember 2008.



PIPAR • SÍA • 90028

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Er lýðræðiskröfunum svarað?

## Völd og málefni

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Á lýðveldistímanum hefur engin ríkisstjórn verið jafn örugg um áframhaldandi umboð í kosningum eins og sú sem nú situr. Flokkarnir þrír sem aðild eiga að stjórnarsamstarfinu hafa allir þrír útilokað samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Þar af leiðir að í komandi kosningum er engin óvissa um völdin.

Öðru gegnir um málefnin. Sérstaklega á það við um stóru viðfangsefnin: Ríkisfjármál, peningastefnu og Evrópusambandsaðild. Um þau ríkir algjör óvissa. Ríkisstjórn er svo örugg um valdastöðu sína að hún telur sig geta haldið vegvísum í þessum málum í læstum myrkrakompum fram yfir kosningar.

Að réttu lagi ættu landsfundir stjórnmálaflokkanna að stilla upp læsilegum vegvísum fyrir kjósendur um þýðingarmestu mál. Vinstrihreyfingin – grænt framboð hélt slíkan fund um helgina. Hann var fjölsóttari og kraftmeiri en nokkru sinni fyrr í þann áratug sem flokkurinn hefur starfað. Ekki fór á milli mála að þar kom saman sá hópur fólks sem hefur tögl og hagldir í stjórn landsins.

Um stóru málin sem mestu skipta um viðgang atvinnulífsins og afkomu heimilanna á komandi tíð kaus Vinstrihreyfingin – grænt framboð hins vegar að fara eins og köttur í kringum heitan graut. Flokkurinn ber nú ábyrgð á að koma fram í ríkisstjórn mestu aðhaldsaðgerðum sem um getur í ríkisfjármálum.

Fjármálaráðherra hefur lofað Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að gera honum grein fyrir þeim leiðum sem fara á í þessu efni og hefur trúlega gert það nú þegar að stórum hluta. Hvorki ráðherrann né flokkur hans vill þó upplýsa kjósendur um þær ráðstafanir sem kosningarnar eiga að veita umboð til að koma í framkvæmd. Að sönnu er þó gefið loforð um ábyrgar athafnir.

Í ályktunum hreyfingarinnar er ekki að finna stafkrók um hvaða ráðstafanir eigi að gera til þess að krónan haldist stöðug og afnema megi gjaldeyrishöftin. Öllum má þó vera ljóst að án samkeppnishæfrar myntar verður efnahagskerfið ekki endurreist.

Í utanríkismálum lýsir Vinstrihreyfingin – grænt framboð sem fyrr yfir fullri andstöðu við veru Íslands í Atlantshafsbandalaginu. Vera flokksins í ríkisstjórn hefur þó engin áhrif á þá staðreynd að aðildin er einn af hornsteinum utanríkisstefnu landsins. Ályktunina ber að lesa þannig að ekki sé gerð krafa um að hér verði breyting á. Í reynd er andstaðan bara til innanflokksbrúks.

Að sama skapi lýsir hreyfingin yfir andstöðu við aðild að Evrópusambandinu. Trúlega ber að lesa þessa yfirlýsingu eins og hina fyrri. Hún þýðir þar af leiðandi ekki að flokkurinn standi gegn því að ríkisstjórn, sem hann á aðild að, sæki um aðild. Líklega ber fremur að túlka yfirlýsinguna á þann veg að flokkurinn muni andæfa aðild eins lengi og fært þykir.

Forsætisráðherra hefur lýst yfir því að stefna Vinstri græns í Evrópumálum fullnægi öllum kröfum Samfylkingarinnar um stjórnarsamstarf. Aðildarstefnu Samfylkingarinnar ber því að skýra í þessu ljósi. Hún hefur einfaldlega ekki aðra þýðingu en þá að Samfylkingin ætli að láta Vinstri grænt ráða för.

Valið snýst um einangrun eða samkeppnishæft efnahagsumhverfi. Samt fá kjósendur ekki skýra málefnalega leiðsögn inn í framtíðina. Hitt er ljóst hvar völdin munu liggja. Er það fullnægjandi lýðræði á þessum tímum?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Landfræðilegar skýringar

Ásbjörn Óttarsson, útgerðarmaður frá Rifi, bar sigurorð af Einari K. Guðfinnssyni,í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Einar telur landfræðilegar skýringar á því hvers vegna hann hreppti ekki fyrsta sætið. „En það er þó ljóst að mjög er kosið á landfræðilegum grunni – eins og tíðkast hér á landi – og fyrir það er ég að gjalda. Það blasir við,“ sagði hann í samtali við Mbl.is á sunnudag. Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, bæjarstjóri á Tálknafirði, varð í þriðja sæti og Birna Lárusdóttir, bæjarfulltrúi á Ísafirði, varð í fjórða sæti. Þrjú af efstu fjórum sætunum í Norðvesturkjördæmi féllu sem sagt Vestfirðingum í té. Landfræðin varð þeim ekki dýrkeyptari en svo.



### Allt opið

Ranglega var hermt í Fréttablaðinu í gær að tveir hefðu tilkynnt framboð til formanns Sjálfstæðisflokksins á landsfundi. Hið rétta er að í raun eru allir kjörgengir fundargestir í framboði. Það er svo annað mál hvort menn gefi kost á sér í embættið. Til þessa hafa að minnsta kosti fjórir lýst því yfir: Bjarni Benediktsson, Kristján Þór Júlíusson, Snorri Ásmundsson og Loftur Altice Þorsteinsson.

### Efast um mistök

Frjálslyndi flokkurinn var ósáttur við að hafa ekki verið nefndur á nafn í frétt RÚV af könnun um fylgi stjórnmálaflokkanna. Þeir trúa þeirri skýringu rétt mátulega að fyrir mistök hefði Frjálslyndi flokkurinn verið nefndur Borgarahreyfingin í fréttinni. „Undarleg mistök, sérstaklega í því ljósi að Bogi Ágústsson las fréttina og hefði átt að átta sig strax á mistökunum,“ stendur á heimasíðu flokksins. Hins ber að geta að í skoðanakönnuninni mældist Borgarahreyfingin með meira fylgi en Frjálslyndir og var því eignað minna fylgi í fréttinni en hún mældist með. Borgarahreyfingin hefur því meiri ástæðu til að vera fúl en Frjálslyndir.



bergsteinn@frettabladid.is

## Stórt og smátt

Fall SPRON á dögunum sýnir að hrun íslensks viðskiptalífs stendur enn þá yfir og ekki eru enn öll kurl komin til grafar. Ekki er hægt að segja að forstöðumenn sparisjóðanna hafi gengið langt í útrásarkapphlaupinu miðað við stóru bankana en krosstengsl í íslensku viðskiptalífi gerðu það að verkum að örlög þeirra voru ráðin. Þegar Baugur féll tók hann SPRON með sér í fallinu. Þegar litið er tilbaka virðist tal íslenskra frjálshyggjukreddumanna um „fé án hirðis“ úr takti við það sem í rauninni var að gerast í bankakerfinu. Hirðarnir gættu einfaldlega fjárins ekkert sérstaklega vel. Núna er fjármálakerfi Íslands að langstærstu leyti komið í hendur hins opinbera og ef Íslendingar bregða sér til Kaupmannahafnar geta þeir verslað í risavöxnum ríkisbúðum sem endurspegla draumsýn sovéskra kennslubóka um miðbik 20. aldar. Já, Illum og Magasin du Nord eru núna í eigu íslenska ríkisins. Klisjuspuni íslenskra hægriungliða um að vinstrimenn vilji reka ríkisbúðir hefur aldrei verið í samræmi við veruleikann en þó hafa þetta reynst áhrínisorð. Það er hins vegar merkileg staðreynd að það voru ríkisstjórnir undir forystu Sjálfstæðisflokksins sem ólu af sér ríkisbúðirnar; þær spretta úr rústum hins frjálsa athafnalífs sem flokkurinn vildi innleiða á Íslandi.



**SVERRIR JAKOBSSON**

**Í DAG** | Kreppan

Þetta er harður veruleiki fyrir íslenska athafnamenn og enn sem komið er finnst sumum þægilegast að láta eins og þetta sé ekki að gerast. Í því ljósi verður líklega að túlka háværköll Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs um einkavæðingu banka svo að hægt sé að hefja útrásina að nýju. Þessir aðilar ættu frekar að líta nú í eigin barm og velta fyrir sér hvaða afleiðingar pólitísk einstefna þeirra hefur haft fyrir íslenskt atvinnulíf og viðskipti í landinu. Fyrsti lærdómurinn ætti að vera sá að stórfyrirtæki eru ekki alltaf endilega betri en smáfyrirtæki; stórgróðabrall getur leitt af sér hátt fall. Þetta er raunar grundvallaratriði í þeim frjálshyggjukenningum sem boðaðar voru sem útópísk lausn á öllum vanda, en það gleymdist að lesa smáa letrið.

Hin grátlega trú á risafyrirtæki leiddi beinlínis til ofþenslu bankanna og hrun íslensks fjármálakerfis. Án hennar hefði vandinn verið mun minni. Samt er eins og að þeir sem sungu útrásinni lof og prís hafi ekkert lært af þeirri reynslu. Þeir einblína á risavaxnar skyndilausnir svo sem fleiri álver. Sjálfstæðisflokkurinn hefur beinlínis boðað þetta sem helstu lausnina við efnahagsvandanum – fyrir honum er rányrkjan sem fylgir risavirkjunum aukaatriði og er jafnan kölluð „nýting náttúruauðlinda“ í orwellskum anda. Ekki er heldur litið til þeirrar staðreyndar að stóriðjuuppbygging gengur þvert á þá stefnu sem afgangurinn af heiminum er nú að taka – þar sem áhersla er lögð á sjálfbærar lausnir í orkumálum. Efnahagslega hvílir þessi draumsýn því á álíka styrkum stoðum og hugmyndin um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð enda boðuð af sömu aðilum. Hinn napri veruleiki þar sem álverð er í sögulegu lágmarki og álfyrirtækin hrynja eitt af öðru virðist ekki snerta hann hætishót.

Á Íslandi þykir fínt að vera stórhuga. Á meðal stjórnmálamanna birtist það í trú á einfaldar patentlausir. Þessi ofuráhersla á stærð skapaði loftbóluhagkerfi síðkapítalismans en núna eru loftbólurnar alls staðar að springa. Í efnahagslegum hamförum reynist stærðin ekki vera vörn heldur vandamál. Þess vegna þurfum við núna að hugsa öðruvísi og hætta að vanrækja hið smáa í okkar atvinnulífi. Það verður að hætta að tala um smáfyrirtæki af fyrirlitningu og líta á þau sem „afleidd störf“ sem verði til í skjóli risanna. Íslenskt atvinnulíf er að verulegu leyti byggt upp af smáfyrirtækjum með innan við tíu starfsmenn. Þau hafa ekki notið þeirra miklu fríðinda af hálfu stjórnvalda sem risafyrirtækin fá; það er ekki niðurgreidd orka til þeirra eins og álveranna. Á hinn bóginn hafa þau þann mikilvæga kost að þau eru fjölbreytt og starfa á ýmsum sviðum. Efnahagsráðstafanir sem koma smáum atvinnurekendum til góða eru þannig mun brýnni og arðvænlegri en að auka enn við ríkisframlagið til stóriðjunnar sem þó skapar einungis 0,1-0,2% af þjóðarframleiðslu fyrir hvert álver. Stjórnmálamenn undanfarinna áratuga komu landinu í þrot vegna þess að þeir misstu sjónar á gildi hins smáa. Næsta ríkisstjórn má ekki endurtaka þau mistök.

## Upplýsingar vegna frétta af REI

**UMRÆÐAN**

Hjörleifur B. Kvaran skrifar um REI



**HJÖRLEIFUR B. KVARAN**

Í mánudagsútgáfu Fréttablaðsins er fjallað um fjárfestingar íslenskra fyrirtækja vegna jarðhitaverkefna vestan hafs á vegum Iceland America Energy (IAE), sem um árabil hefur verið í eigu íslenskra aðila. Má skilja fréttina þannig að Reykjavík Energy Invest (REI) hafi lagt tæpa tvo milljarða króna í orkuútrás í Bandaríkjunum og tapað þeim fjármunum. Það er ekki rétt. Stjórn REI, sem skipuð er fulltrúum meirihluta og minnihluta í borgarstjórn, er samhuga í því að standa vörð um verðmætin í fyrirtækinu við aðstæður sem að sumu leyti eru hagfelldar, að öðru leyti ekki.

IAE var stofnað árið 2004 sem eitt af dótturfélögum Enex hf. og hefur frá upphafi unnið að þróun jarðhitaverkefna í Bandaríkjunum. Auk IAE stofnaði Enex dótturfélög í Þýskalandi og Kína og hafa þau unnið að þróun fjölmargra jarðhitaverkefna. Erfiðlega hefur þó gengið að fjármagna slík þróunarverkefni.

Geysir Green Energy hefur farið með ráðandi eignarhlut í Enex og dótturfélögum þess frá árinu 2007. Í ársbyrjun 2008 hófust viðræður milli fyrirtækjanna um framtíð Enex og átti Geysir þá 73% hlutafjár í Enex en REI var minnihlutaeigandi með 26%. Ákveðið var að skipta eignum og verkefnum Enex á milli eigenda í byrjun þessa árs enda staða félagsins mjög tvísýn hvað varðar rekstur og fjármögnun einstakra verkefna. Við það kæmi í hlut REI að verja þau verðmæti sem skapast hafa með framlögum Orkuveitu Reykjavíkur til Enex og forvera þess allt frá árinu 1969.

Samkomulag náðist um að REI yfirtæki hlut Enex í dótturfélaginu í Bandaríkjunum en Geysir fengi verkefni Enex í Þýskalandi og aukinn hlut í Enex-Kína og á Filippseyjum. Á vegum REI er nú verið að skoða framtíð IAE, m.a. hvort forsendur eru fyrir því að fá nýja fjárfesta að því eða einstökum verkefnum þess. Sú vinna hefur staðið yfir þann mánuð sem REI hefur farið með meirihlutavald í IAE. Á næstu vikum og mánuðum ræðst hvernig úr rætist. Staða fjármálamarkaða hefur vitaskuld áhrif á verkefni sem þetta. Á móti kemur stóraukinn áhugi á nýtingu jarðhita til orkuframleiðslu í Bandaríkjunum.

Markmið REI, samkvæmt stefnu nýrrar stjórnar fyrirtækisins, sem tók við í mars 2008, er að standa við gerðar skuldbindingar en hverfa frá hugmyndum um að Orkuveitan leggi fram marga milljarða króna til orkuverkefna erlendis.

*Höfundur er forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**LJÁÐU MÉR EYRA** nefnist viðtalsþjónusta á Landspítalanum. Þar stendur öllum konum sem fætt hafa á Landspítalanum til boða að bóka viðtal við ljósmóður um 4 til 6 vikum eftir fæðingu ef þær vilja ræða fæðingarreynslu sína. Viðtölin bókast á göngudeild mæðraverndar í s. 543 3253 á virkum dögum milli klukkan 9 og 15. www.ljosmodir.is






**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
**www.madurlifandi.is**

**24. mars Ég fitna sama hvað ég geri. Hvernig næ ég jafnvægi?**
*Esther H. Guðmundsdóttir heilsuráðgjafi*
**31. mars Líkamsstaða, skrifstofuumhverfið og æfingar.**
*Haraldur Magnússon osteopati*
**04. apríl Hláturfundur Hláturkætiklúbbsins.**
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*
**07. apríl Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli**
*Edda Björgvins leikkona*
**14. apríl Sætuefnið Aspartam - Er Diet kók betra en venjulegt kók?**
*Haraldur Magnússon osteopati*

Doktor.is
Netlæknaþjónusta
Tímabókanir hjá lækni
Endurnýjun lyfseðla
Ferðamannabólusetningar
...kynntu þér málið!




Sveinbjörn hefur fengið fjölskylduna í lið með sér. Frá vinstri má sjá föður Sveinbjarnar, Sveinbjörn Sveinbjörnsson, með afabarnið Stefán Huga, Ástu Ósk Stefánsdóttur, sambýliskonu Sveinbjarnar, og yngri bróður hans, Bjartmar Sveinbjörnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vitleysan vatt upp á sig

**Sveinbjörn Sveinbjörnsson vann frækinn sigur í Lífsstílsmeistaranum en þetta er í fyrsta sinn sem hann tekur þátt. Þetta er þó aðeins upphafið því hann ætlar sér stóra hluti á Cross-Fit-leikunum í sumar.**

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, verkfræðingur hjá Mannviti verkfræðistofu, sigraði í Lífsstílsmeistaranum sem fór fram fyrir skemmstu, bæði í flokki einstaklinga og liða. Sveinbjörn sem er að auki tvöfaldur sigurvegari í Þrekmeistaranum og var með fremstu mönnum í Laugavegs-ultramaraþoninu síðasta sumar þakkar strangri þjálfun í Boot Camp góðum árangri.

„Ég byrjaði að æfa í Boot Camp fyrir tveimur árum en hafði áður verið að æfa og keppa á skíðum í mörg ár. Líklega hefur keppnisskapið alltaf verið til staðar, þannig að þegar ég byrjaði í Boot Camp blossaði það aftur upp og segja má að vitleysan hafi svo undið upp á sig,“ segir hann og hlær.

Sveinbjörn æfir daglega, á morgnana eða í hádeginu, og segir að þótt æfingarnar taki á sé undir hverjum og einum komið hvað viðkomandi vilji leggja mikið á sig. „Boot Camp hentar jafnt byrjendum og þeim sem lengra eru komnir og menn stýra álaginu sjálfir. Það er það góða, að allir geta verið með.“

Frá því að Sveinbjörn byrjaði í Boot Camp hefur hann náð framúrskarandi árangri í ýmsum keppnum og viðburðum eins og áður sagði. Sigurinn í Þrekmeistaranum er því enn ein rósin í hnappagatið og Sveinbjörn fer ekki leynt með ánægju sína, enda í fyrsta sinn sem hann tekur þátt. „Þetta er hörkukeppni þar sem þátttakendur þurfa að ljúka tíu greinum á sem skemmstum tíma. Ég kláraði á 20 mínútum og 40 sekúndum og næsti maður var með 20 mínútur og 45 sekúndur, þannig að það var mjótt á munum.“

Segja má að sigurganga Sveinbjarnar síðustu tvö ár hafi náð að kveikja í allri fjölskyldunni; bræður hans eru farnir að æfa í Boot Camp og faðir hans og sambýliskona Sveinbjarnar tóku einnig þátt í Lífsstílsmeistaranum, en þess skal getið að aðeins eru tíu mánuðir síðan þau Sveinbjörn eignuðust lítinn dreng. En ýtir þetta ekki undir samkeppni og ríg milli bræðranna? „Alls ekki. Við hvetjum bara hvert annað áfram þannig að þetta skapar góða stemningu í fjölskyldunni, þjappar okkur saman ef eitthvað er.“

Fram undan hjá Sveinbirni eru svo Cross-Fit-leikarnir í maí, sem eru, líkt og Lífsstílsmeistarinn, hluti af Þrekmótaröðinni, og Laugavegsmaraþonið í júlí. „Þá lenti ég í öðru sæti í mínum flokki og því tólfta á heildina séð. Ég náði 24. besta tímanum í keppninni frá upphafi og ætla að standa mig enn betur í ár,“ segir hann ákveðinn.

*roald@frettabladid.is*





ATHUGIÐ!
Tilboðið gildir í Apótekinu Skeifunni og í Hólagarði

Apótekið
lægra verð

Ertu með eitthvað gott á prjónunum?

Sjálfboðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins prjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn 25. mars kl. 16-18.

Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

CURAPROX
SWISS PREMIUM ORAL CARE

Áhrifaríkur
Hlífir tannholdi
Viðurkennd gæði

Hefurðu prófað mjúka tannburstann með mörgu hárunum?

"Reynslan hefur kennt mér að mýkri og fleiri hár bursta tennurnar betur. Mjúki, ultrasoft tannburstinn, CURAPROX® CS 5460 hefur yfir 5000 hár á haganlegum haus, svo ná megi aftur fyrir öftustu jaxla. Ef maður er í minnsta vafa um áhrifin, er hægt að sýna fram á þau með tannsýklulitatöflum fyrir tennur."



Hrafnhildur Pétursdóttir *Tannfræðingur*
*mælir með CURADEN vörunum.*

CURAPROX®
hittir beint í mark

Curaden (www.curaden.ch) vörurnar fást í verslunum Lyfju en nú einnig í sjálfstæðu apótekunum; Árbæjarapóteki, Garðsapóteki, Laugarnesapóteki, Lyfjaveri og Rimaapóteki.

Dreifing á Íslandi: Neskortes ehf, neskortes@simnet.is, sími: 698 1594, 555 2781, 892 2708.

**OFFITUVANDAMÁLIÐ** verður til umræðu í fyrirlestri Estherar Helgu Guðmundsdóttur hjá Manni lifandi í Borgartúni 24 í dag milli kl. 17.30 og 19. Fyrirlestrinum er ætlað að gefa innsýn inn í hverjar eru ástæður þess að við náum ekki tökum á matar- og þyngdarmálum okkar. www.madurlifandi.is










Regluleg hreyfing skiptir sköpum um heilsufar og velferð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hreyfing – til hvers?

**Skiptir regluleg hreyfing virkilega máli? Er þetta ekki ofmetið fyrirbæri, fundið upp af eigendum líkamsræktarstöðva?**

Í stuttu máli sagt er svarið nei. Regluleg hreyfing skiptir sköpum um heilsufar og velferð. Hreyfingarleysi eykur til dæmis líkurnar á hjarta- og æðasjúkdómum til muna. Einnig er margsannað að þeir sem stunda hreyfingu eru í betra andlegu jafnvægi en sófakartöflurnar. Einstaklingar í góðu líkamlegu ástandi eiga auðveldara með að fást við ýmsa andlega kvilla eins og streitu, kvíða og jafnvel þunglyndi.

Regluleg hreyfing stuðlar að eðlilegri þyngd. Bein og vöðvar styrkjast við þjálfun og sannað þykir að hreyfing dregur úr einkennum meltingarsjúkdóma. Hreyfing er síður en svo bara fyrir ungt fólk og það er aldrei of seint að byrja. Regluleg hreyfing verður mikilvægari eftir því sem árin færast yfir, gott líkamlegt ástand stuðlar að því að fólk verður lengur sjálfbjarga.

Að hafa alltaf verið valinn síðastur í liðið í barnaskóla þarf ekki að koma í veg fyrir að verða góður íþróttamaður á fullorðinsárum. Líkamleg virkni hægir á öldrunarferlinu, því vöðvarnir, liðamótin og beinin styrkjast. Hreyfing eykur orku og framkvæmdagleði, öfugt við kyrrsetu sem stuðlar að framtaksleysi. Svo verður svefninn betri og dýpri. Sé þetta ekki nóg til að láta sannfærast, þá er hreyfing stórgóð leið til að kynnast nýju fólki, hvort sem farið er út að hlaupa, lóðum lyft í líkamsræktarstöð eða út að ganga með hundinn. *- aþ*




# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

Laxveiði - Vatnsdalsá á Barðaströnd. Lax- og silungsveiði í náttúruperlu. Uppl. 664 7001 og á www.fluga.net

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Ný 4ra herb. íbúð í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja með.**
**Upplýsingar í síma 7727553**

**Salaogskipti.is**
Vantar þig meðleigjanda? Auglýstu frítt hjá Sölu og skiptum.is.

Vegna mikillar eftirspurnar stórvantar okkur eignir á skrá. Auglýsing kostar ekkert.

101 Rvk - 2 herb. 57 fm íbúð á besta stað í 101. Laus í byrjun april, Langtímaleiga 120 þús. S. 865 5390 & 101njalsgata@gmail.com.

Herbergi til leigu í hafnarfirði upplýsingar í síma: 5153245 og 8478809

4 herb. 75 fm íbúð á 2.h í 101 verð 120 þúsund + rafm. og hiti. Langtímaleiga. Sími 899 2230 & 896 3654.

Stúdíóíbúð Íbúð til leigu á svæði 104. Studio apartments for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

3ja til 4ja herb. endaíbúð til leigu m/ sérinngangi og stæði í bílageymslu á góðum stað á völlunum í Hafnfj. Stutt í alla þjónustu. 120þ án rafm. Aðeins langtímaleiga. 8961040/8404020

Mosfellsbæ 2ja herb íb 65m2 innif. rafm.hita 79.000 mán. allt sér 8960415 - 5666415

Herb. til leigu í póstnr. 105, miðbæ Rvk. Uppl. í síma 895 0482.

Herb. til leigu í Hraunbæ og Álftamýri. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637

Til leigu 90 fm stórglæsilegt skrifstofuhúsnæði og verslun á Fiskislóð, 101 Rvk. Hægt að sameina sem fyrirtæki og íbúð. Uppl. hjá fasteignasöllunni Berg, sími 588 5530.

Rooms for rent in 101 Rvk. All facilities+furniture included. From 45.000. Tel 6993236.

## Húsnæði óskast

Stelpa óskar eftir stúdíóíbúð. S. 661 3724.

Óskum eftir 4 herbergja íbúð til leigu á völlunum í Hafnarfirði frá miðjum maí. Þarf að vera leyfilegt að vera með hund. Reglusemi og skilvísar greiðslur Uppl í s 862 8500

## Sumarbústaðir

**SUMARBÚSTAÐUR ÓSKAST TIL LEIGU FRÁ 1. MAÍ TIL 1. SEPTEMBER NK.**
Óska eftir að leigja sumarbústað í fjóra mánuði frá 1. maí nk. Bústaðurinn þarf að vera vel útbúinn (helst með húsgögnum og heitum potti) og ekki lengra frá Reykjavík en ca. klukkustundaakstur. Hugmyndir um leiguverð ca. 50-60.000 kr. pr. mánuð. Góðri umgengni heitið. Hafið samband við Björn í síma 849-4477.

Óskum eftir að taka á leigu vel útbúinn bústað með heitum potti í ca.1 til 2ja tíma fjarlægð frá Reykjavík. Leigutími ca. júní til september. gsm.665-8035

## Atvinnuhúsnæði

S. 577 4747 eða Sigurður í 892 3482 eða á hogni@hofdabilar.is

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast

**Lækkað verð!**
Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK., jarðhæð. Til afhendingar strax.

## Geymsluhúsnæði




**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Bílskúr

Bílskúr til leigu í 108 Rvk. 20 ferm. 25 þús.per mán.+ 1 mán.trygg. sim.6908793

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starfskraftur óskast**
**Til afgreiðslustarfa í bakarí í Kópavogi. Vinnutími 13-18 og aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsinga í síma 820 7370 eftir kl. 15.**

SECURITY ÖRYGGISFÉLAGIÐ www.115.is

**Öryggisfélagið**
óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verlsunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund og hreint sakarvottorð. Lágmarksaldur 25 ár. Öryggisfélagið ehf. Fákafen 11 / 2 Hæð. Umsóknir á staðnum. www.115.is

ÍSHLUTIR www.ishlutir.com

**Vélaviðgerðarmenn**
**Íshlutir ehf óska eftir starfsmönnum, vönum þungavinnuvélaviðgerðum og líkum tækjum á vélaverkstæði okkar. Þekking og reynsla á rafmagns og vökvakerfum æskileg. Leitað er að kröftugum einstaklingi með ríka þjónustulund og tilbúin að takast á við krefjandi verkefni auk ferðalaga. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Upplýsingar gefur Samúel Sigurðsson Þjónustustjóri í síma: 575-2400 eða atvinna@ishlutir.com**

**Íshlutir ehf Völuteigur 4 270 Mosfellsbær www.ishlutir.com**

Veitingahús í Hafnafirði auglýsir eftir þjón í sal. Uppl. í s. 822 5229

Saffran Glæsibæ. Vegna mikilla anna erum við að leita vönum pizza-bökurum og vönum aðstoðarkokkum. Upplýsingar á staðnum milli 9 og 11 virka daga. Haukur Víðisson.

Saffran Glæsibæ. Erum að leita að vönum þjónum í sal, um er að ræða kvöld og helgar vinnu. Upplýsingar gefur Berglind milli 9 og 11 eða 14 og 16 virka daga.

**Viltu eyða vorinu í Oslo**
Ég er þriggja ára gutti og er að leita að barngóðri og vænni manneskju til að passa mig fram í júní. Við búum á góðum stað í Oslo, í skógarjaðrinum en þó stutt frá miðborginni. Upplýsingar veitir Harpa 8674465 e.h.

Leikskólinn Skerjagarður, Bauganesi 13 í 101 Rvk óskar eftir: leikskólakennara/ starfsmanni sem þarf að vera hjartahlý, umhyggjusöm og hafa brennandi áhuga á að vinna með ungum börnum. Þarf að tala góða íslensku og geta hafið störf sem fyrst. Allar nánari uppl. í síma 822 1919, Ella og 848 5213, Sóldís.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## Þjónusta




# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Til leigu ný 2.herb. íbúð í kópavogi á jarðhæð. Stutt í alla þjónustu og í rólegu hverfi. Innfalið: Þvottav, Uppþvottav, hiti,rafm. og hússj. Uppl. í s. 699 6241. Laus 1.mars

## Einkamál

**Chat.is**
Chat.is er nýr og afar vandaður spjallvefur, gjaldfrjáls og öllum opinn. Hljóðspjall er m.a. í boði við hvern sem er, og ekkert upphafsgjald og ekkert mínútugjald :)

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Atvinna

# RÁÐGJAFI-KRÝSUVÍK

Meðferðarheimilið í Krýsuvík óskar að ráða áfengis- og vímuefnaráðgjafa. **Áhugasamir hafi samband á netfangið: lovisa@krysuvik.is.**

## Fundir / Mannfagnaður

**Aðalfundur Skógræktarfélags Kópavogs**

Verður haldinn miðvikudaginn 25. mars 2009 kl. 20:00
í Safnaðarheimili Kópavogskirkju
(Nýja safnaðarheimilið er á horni Hamraborgar og Hábrautar, á ská á móti Gerðarsafni).

**Dagskrá:**
**Aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins**
**Erindi: Verða lúpína og kerfill okkar „þjóðarblóm" þegar fram líða tímar ?**

Kristinn H. Þorsteinsson garðyrkjufræðingur mun fjalla um útbreiðslu lúpínu, kerfils og hvannar hérlendis og segja frá nýlegri rannsókn um eyðingu ágengs gróðurs og horfa til framtíðar um mögulega útbreiðslu ýmissa tegunda.

Félagar fjölmennið
Skógræktarfélag Kópavogs
**Upplýsingar á www.skogkop.net**

## Tilkynningar



**Kvennaskólinn í Reykjavík - opið hús 25. mars 2009 -**

Miðvikudaginn 25. mars verður opið hús í skólanum fyrir 10. bekkinga og forráðamenn þeirra frá kl. 17 til 20 að Fríkirkjuvegi 9.

Námsframboð skólans, inntökuskilyrði og félagslíf verða kynnt.

Verið velkomin.
Skólameistari

## Styrkir

Reykjavíkurborg

**Styrkir mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar**

Auglýst er eftir umsóknum um styrki mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar. Styrkjum er úthlutað tvisvar á ári.

Að þessu sinni er megináhersla lögð á verkefni sem snúa að breytingum samfélagsins í kjölfar efnahagskreppunnar.

Markmiðið með styrkjum mannréttindaráðs er að styðja við hvers kyns sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga á sviði mannréttinda sem stuðlar að farsælli þróun borgarsamfélagsins, jafnræði borgarbúa og fjölbreytilegu mannlífi. Að sama skapi að styðja við hvers konar starf sem vekur athygli á eða stendur vörð um grundvallarréttindi borgarbúa.

Reglur um styrkveitingar og umsóknareyðublöð er að finna á vefsíðu mannréttindaskrifstofu www.rvk.is/mannrettindi.

Umsóknum er hægt að skila á netfangið mannrettindi@reykjavik.is eða í Ráðhús Reykjavíkur merkt "styrkur - mannréttindaráð".

**Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2009.**

**CURTIN HANSON ER 64 ÁRA**

*„Allir leikstjórar eru sjálfselskupúkar.“*

***Bandaríski leikstjórinn Curtis Hanson þykir eiga farsælan og fjölbreyttan feril að baki, þótt þekktastur sé hann sjálfsagt fyrir kvikmyndina L.A. Confidential sem tilnefnd var til níu Óskarsverðlauna árið 1997. Af öðrum myndum Hansons má nefna 8 Mile (2002), Wonder Boys (2000) og The Hand That Rocks the Cradle (1992).***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 24. MARS ÁRIÐ 1973**

## *Kjarvalsstaðir í notkun*



Myndlistarhúsið á Miklatúni var formlega tekið í notkun á þessum degi árið 1973. Húsið var nefnt Kjarvalsstaðir til heiðurs Jóhannesi S. Kjarval, sem er talinn meðal frumherja íslenskrar myndlistar, tæpu ári eftir andlát hans og opnuð stór sýning á verkum hans.

Húsið, sem er í eigu Listasafns Reykjavíkur, var byggt á árunum 1966 til 1973, en heiðurinn að hönnun þess átti arkitektinn Hannes Davíðsson. Húsið skiptist í tvær meginálmur með tengibyggingu og hellulagðan garð á milli. Þrjú sýningarrými eru í húsnæðinu og má skipta þeim frekar niður í einingar.

Á Kjarvalsstöðum eru settar upp sýningar á íslenskri og erlendri myndlist, hönnun eða byggingarlist ár hvert, með sérstakri áherslu á samtímalist.

Þar er einnig geymd og sýnd umdeild listaverkagjöf Kjarvals til borgarinnar sem afkomendur hans hafa dregið í efa að hafi verið gefin með réttu.

*Heimild: www.umm.is og Dagar Íslands.*

**MERKISATBURÐIR**

**1548** Gissur Einarsson andast, um 36 ára. Áður lætur hann lögtaka lúterstrú fyrir Skálholtsbiskupsdæmi 1541 og tekur biskupsvígslu 1542.

**1959** Sett er reglugerð um stefnuljós á bifreiðum og önnur um umferðarmerki og notkun þeirra.

**1974** Varðskipið Týr kemur til landsins. Það er smíðað í Árósum, 923 brúttólestir að stærð og ganghraði 20 sjómílur.

**1987** Albert Guðmundsson segir af sér sem iðnaðarráðherra vegna ásakana um vantaldar greiðslur frá Hafskip. Í kjölfarið stofnar hann Borgaraflokkinn sem býður fram í öllum kjördæmum í kosningum 25. apríl sama ár.

# Áhrif koffíns

Áhrif koffínneyslu á heilsu og frammistöðu einstaklinga verður til umfjöllunar í hádegisfyrirlestri Jacks James, prófessors við Háskólann í Reykjavík, miðvikudaginn 25. mars frá klukkan 12 til 13.

Koffínneysla Íslendinga er með því mesta sem gerist í heiminum og í fyrirlestrinum, sem kallast Áhrif koffíns: Vísindi, goðsagnir og peningar, dregur James saman staðreyndir um áhrif koffíns. Hann fjallar svo um mögulegar skýringar á ósamræmi niðurstaðna á því sviði.

James hefur áralanga reynslu af kennslu, rannsóknum og stjórnun í háskólum bæði á Ástralíu og Írlandi. Hann hefur gegnt stöðu deildarforseta sálfræðideildar í NUI Galway á Írlandi frá árinu 1998. James er nú gestaprófessor við sálfræðisvið HR og tekur þar þátt í uppbyggingu nýs BSc-náms í sálfræði við kennslufræði- og lýðheilsudeild skólans sem hefst haustið 2009.

Þess skal getið að fyrirlesturinn verður fluttur í stofu 201 í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2.

Nánar á www.hr.is.



**RJÚKANDI KAFFIDRYKKIR** Koffínneysla og áhrif hennar verður til umfjöllunar á hádegisfyrirlestri Jacks James, prófessors í Háskólanum í Reykjavík, á morgun.



## 50 ára afmæli

**Oddur Helgi Halldórsson**

blikksmíðameistari og bæjarfulltrúi á Akureyri, er 50 ára í dag.

Hann mun taka á móti gestum á Strikinu á Akureyri á milli klukkan 20 og 23 á afmælisdaginn.



†

*Hjartkær eiginmaður minn,*

**Hallbjörn Bergmann Elímundarson**

húsasmiður,

lést 21. mars á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, áður til heimilis að Vogatungu 43. Útför hans verður gerð frá Kópavogskirkju 30. mars kl. 15.00. Jarðsett verður í Kópavogskirkjugarði. Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlegast bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

F.h aðstandenda,

**Erla Fríðhólm Sigurðardóttir.**




**FRAMKVÆMDASTJÓRI** Arnmundur Ernst Backman stendur ásamt tveimur félögum að Svartaskóla þar sem kennd eru námskeið í hinum ýmsu listgreinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ARNMUNDUR ERNST BACKMAN: SVARTISKÓLI STOFNAÐUR

# Listin kennd í Svartaskóla

Svartigaldur kallast nýr og allsérstæður skóli sem nýlega var stofnaður. Þar verður boðið upp á námskeið í hinum ýmsu listgreinum fyrir unglinga.

Fyrirtækið sem stendur á bak við Svartaskóla heitir Nátthrafn og er það hópur skipaður ungu athafnafólki sem áður hefur komið nálægt framleiðslu á leiksýningum í Loftkastalanum og á Jon Fosse-hátíð Þjóðleikhússins sem og ýmissi útgáfustarfsemi og tónleikahaldi. Þrír í hópnum, þeir Arnmundur Ernst Backman, Sigurður Kjartan Kristinsson og Baltasar Breki Samper, sem munu halda utan um starf skólans.

„Hugmyndin vaknaði hjá okkur félögunum þegar við fórum að spá í hvað okkur þætti vanta fyrir krakka bæði í grunnskóla og menntaskóla. Okkur datt þá í hug að halda þessi námskeið til að gefa krökkum tækifæri til að læra eitthvað annað en venjulega er kennt í skólum,“ segir Arnmundur sem titlaður er framkvæmdastjóri Svartaskóla.

Arnmundur hefur heilmikla reynslu af leiklist þrátt fyrir ungan aldur en hann er nú að ljúka námi við Menntaskólann við Hamrahlíð. „Listin á að blómstra í kreppunni,“ segir Arnmundur og bætir við að þær listgreinar sem kenndar verði í skólanum séu þær sem honum og félögum hans séu kærastar og stundum vanræktar í skólastarfinu.

Boðið verður upp á þrenns konar flokka: kvikmyndagerð, ljósmyndun og hönnun auk skífuþeytingar og hljóðblöndunar. Námskeiðin eru haldin fyrir krakka í fimmta til sjöunda bekk annars vegar og áttunda til tíunda bekk hins vegar. Unnið verður í fimm til tíu manna hópum sem hittast fjóra laugardaga til að vinna að einhverju sköpunarverki. Námskeiðin fara fram 4., 18. og 25. apríl en lokadagurinn verður laugardaginn 2. maí. Námskeiðin fara fram á nokkrum stöðum, í félagsmiðstöðvum, skólum og leikhúsum.

Leiðbeinendur á námskeiðunum eru engir aukvisar. „Þarna má nefna Reyni Lyngdal leikstjóra og Jörund Ragnarsson leikara sem munu halda fyrirlestra á kvikmyndanámskeiðinu. Svo heldur DJ Gísli Galdur utan um námskeiðið í hljóðblöndun og skífuþeytingu,“ segir Arnmundur og bætir við að menntaðir ljósmyndarar og hönnuðir muni kenna á ljósmynda- og hönnunarnámskeiðinu.

Til að nálgast frekari upplýsingar má fara á www.svartiskoli.is en þar má einnig skrá sig á námskeiðin.

**solveig@frettabladid.is/vera@frettabladid.is**

# Opið hús á bæklunarskurðdeild

Í anda jákvæðni og bjartsýni á tímum kreppu og niðurskurðar opnar starfsfólk bæklunarskurðdeilda á Landspítala Fossvogi húsið fyrir almenningi fimmtudaginn 26. mars 2009 til að kynna starfsemina.

Allir eru velkomnir á 5. hæðina í Fossvogi milli klukkan 14 og 16 þar sem verður hægt að fá mældan blóðþrýsting og fræðast um beinvernd og margt sem tengist starfsemi á bæklunarskurðdeildum. Meðal annars verður sýnt myndband um liðskiptaaðgerðir og hryggspengingu. Einnig verður hægt að skoða alls kyns nagla, skrúfur, tæki og tól sem eru notuð í bæklunarlækningum.

Á opna húsinu verða sýndar myndir frá starfseminni og boðið upp á vöfflukaffi. Allir eru hjartanlega velkomnir.



**LANDSPÍTALI FOSSVOGI** Almenningur getur kynnt sér starfsemi bæklunarskurðdeilda Landspítalans á fimmtudaginn.

# Endurbyggt á hverjum vetri



**NÝTT Á HVERJU ÁRI** Nýtt íshótel er byggt í Finnlandi á hverjum vetri því að á vorin bráðnar það og rennur burt.

Íshótelið heimsfræga í Jukkasjärvi í Finnlandi er endurbyggt á hverjum vetri því það bráðnar og hverfur á vorin. Hundruð tonna af ís eru notuð til að byggja íshótelið sem er 5.500 fermetrar. Listamenn frá öllum heimshornum eru fengnir til að skreyta herbergin, að sögn Dagens Nyheter, og 200 starfsmenn starfa við það yfir veturinn.

Hugmyndin að íshótelinu varð til árið 1990 þegar franski listamaðurinn Jannot Derid lét gera samískt tjald úr ísnum á Torne-á. Nokkrir gistu í tjaldinu og lýstu upplifuninni sem stórkostlegri. Hótelið sem nú er risið er það nítjánda í röðinni og er opið frá desember fram í apríl.

Á vorin rennur hótelið til baka í Torne-ána.

# Nýr svipur www.vedur.is

Í kjölfar á sameiningu Veðurstofu Íslands og Vatnamælinga hafa verið gerðar breytingar á vefnum www.vedur.is.

Töluverð breyting verður á forsíðu vefjarins en efri hluta hennar verður skipt í fjóra hluta: veðurspá, veðurathuganir, jarðskjálfta og vatnafar. Hver hluti tekur yfir allan efri helminginn þegar hann er valinn. Segja má að um sé að ræða fjórar forsíður.

Á veðurspár-forsíðunni verður vinda-, hita- og úrkomuspánum gert hærra undir höfði á kostnað staðarspá-kortsins. Þetta er af öryggisástæðum.

Á veðurathugunar-forsíðunni verður að finna hámörk og lágmörk frá sjálfvirkum veðursstöðvum, annars vegar frá því á miðnætti og hins vegar frá síðustu klukkustund.

Á jarðskjálfta-forsíðunni bætist við listi yfir stærstu skjálfta síðustu 48 klst., ásamt samantekt yfirlits síðustu viku og athugasemda jarðvísindamannsins þegar það á við.

Á nýrri vatnafars-forsíðu verður yfirlitskort, meðaltalstafla, samantekt vikuyfirlits og athugasemd sérfræðings þegar það á við.



**VEDUR.IS** Vefsíða Veðurstofu Íslands hefur fengið nýtt útlit í kjölfar sameiningar Veðurstofunnar og Vatnamælinga.

---



*Ástkær móðir okkar, amma, langamma og systir,*

**Unnur Jóhannsdóttir**
Háholti 13, Keflavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík, laugardaginn 21. mars. Útför fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 26. mars kl. 14.00.

**Oddný Björgólfsdóttir**
**Björgólfur Stefánsson yngri**
**Jóhann Björgólfsson**
**Þórólfur Beck**
**Ólöf Oddný Beck**
**Eiríkur Beck**
**Kristín Jóhannsdóttir**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Eva Pétursdóttir**
Dvalarheimilinu Hulduhlíð, Eskifirði,

andaðist laugardaginn 21. mars sl. Útförin fer fram frá Eskifjarðarkirkju laugardaginn 28. mars kl. 14.

**Aðalsteinn Valdimarsson** **Elinborg Þorsteinsdóttir**
**Pétur Valdimarsson** **Fjóla Gunnarsdóttir**
**Albert Valdimarsson** **Svanhildur Þórisdóttir**
**Auður Valdimarsdóttir** **Guðjón V. Björnsson**
**Ástdís Valdimarsdóttir** **Guðni Helgason**
**Hildur Valdimarsdóttir** **Tove Engebretsen**
**Sólveig Valdimarsdóttir** **Bjarni Pétursson**
**og aðrir afkomendur.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Haraldar Valtýs Magnússonar**
dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

**Hinrik Haraldsson**
**Svavar Haraldsson** **Solveig Axelsdóttir**
**Haraldur Haraldsson** **Guðmunda Björg Sigurðardóttir**
**Gísli Haraldsson** **Írena Fynn**
**og afabörn.**

---



*Elskuleg móðir mín, dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,*

**Jóhanna Sigríður Eyjólfsdóttir**
Andrésbrunni 3,

lést að heimili foreldra sinna að morgni mánudagsins 23. mars 2009. Útförin auglýst síðar.

**Sigurður Ívar Sigurðsson**
**Kristjana I. Heiðdal** **Eyjólfur Högnason**
**Ásta Eyjólfsdóttir** **Þorgeir Ástvaldsson**
**Högni Eyjólfsson**
**og frændsystkini.**

---



*Elskulegur faðir okkar,*

**Halldór Viðar Pétursson**
bryti, Hrafnistu í Hafnarfirði,
áður til heimilis að Gullsmára 8, Kópavogi,

lést laugardaginn 21. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Vilhjálmur Örn Halldórsson** **Svanfríður Ásgeirsdóttir**
**Kolbrún Halldórsdóttir** **Ágúst Pétursson**
**Elín Huld Halldórsdóttir** **Gunnar Theodór Þorsteinsson**
**Sigrún Halla Halldórsdóttir**
**Pétur Már Halldórsson** **Sigurlína Margrét Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Geir Valdimarsson**
Sandabraut 10, Akranesi,

lést á heimili sínu 20. mars. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 26. mars kl. 14.

**Lóa Guðrún Gísladóttir**
**Elín Þóra Geirsdóttir** **Valur Jónsson**
**Guðný Elín Geirsdóttir** **Hörður Jónsson**
**Valdimar Eyjólfs Geirsson** **Sigríður Ellen Blumenstein**
**Hrafnhildur Geirsdóttir** **Ólafur Rúnar Guðjónsson**
**Anna Lóa Geirsdóttir** **Engilbert Þorsteinsson**
**Erla Geirsdóttir** **Ársæll Alfreðsson**
**Gísli Geirsson** **Margrét Berglind Ólafsdóttir**
**og afabörn.**

---

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og vinarþel við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðrúnar Guðmundsdóttur**
Kleppsvegi 74,

sem andaðist á Vífilsstöðum 24. febrúar sl.

**Halldór Bjarnason**
**Ingibjörg Bjarnadóttir**
**Halldóra Bjarnadóttir** **Gunnar Þorvaldsson**
**Guðmundur Bjarnason** **G. Sigurrós Ólafsdóttir**
**Ingibergur Bjarnason** **Elsa Þ. Dýrfjörð**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, bróður, afa og langafa,*

**Gísla G. Ísleifssonar**
hæstaréttarlögmanns,

sem lést að morgni föstudagsins 13. mars á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi á Stokkseyri. Við viljum þakka starfsfólkinu þar fyrir þann hlýhug sem honum var sýndur meðan hann dvaldi þar. Útför hans hefur farið fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Þeir sem vilja minnast hans er bent á SOS barnaþorp.

**Ísleifur Gíslason** **Arndís Borgþórsdóttir**
**Finnbjörn Gíslason** **Margrét Jóhannsdóttir**
**Sigríður Gísladóttir Robinson**
**Karl G. Gíslason** **Elín Hoe Hinriksdóttir**
**Örn Tryggvi Gíslason** **Katrín Sigmarsdóttir**
**Sigurður Kolbeinn Gíslason** **Akemane Keita**
**Guðrún Helga Gísladóttir**
**Árni Ísleifsson** **Kristín Axelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Sambýlismaður minn, sonur minn og bróðir okkar,*

**Björn Þór Björnsson**

verður jarðsunginn frá Hjallakirkju í Kópavogi fimmtudaginn 26. mars klukkan 13. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á SOS barnaþorp.

**Jóhanna Hafliðadóttir**
**Björn Jónatan Emilsson**
**Eilífur Björnsson**
**Birgir Örn Björnsson**
**Katrín Björnsdóttir**
**Einar Björnsson.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján Bergur Árnason**
Flögusíðu 2, Akureyri,

verður jarðsunginn fimmtudaginn 26. mars kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.

**Margrét Stefánsdóttir**
**Berglind Kristjánsdóttir**
**Einar Ernir Kristjánsson**
**Þórir Arnar Kristjánsson**
**Hugrún Helga Guðmundsdóttir** **Arinbjörn Þórarinsson**
**Telma Marý Arinbjarnardóttir og Elmar Atli Arinbjarnarson.**

---



*Okkar ástkæri,*

**Vésteinn Bessi Húnfjörð Guðlaugsson**
Hjallaseli 55, áður til heimilis að Bústaðavegi 65, Reykjavík,

lést mánudaginn 16. mars 2009. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 26. mars nk. kl. 13.00.

**Rakel Guðlaug Bessadóttir** **Jóhannes Ingi Friðþjófsson**
**Auður Bessadóttir** **F. Marinó Buzeti**
**Haukur Sævar Bessason** **Guðrún Kristín Jónsdóttir**
**Sigurður Bessason** **Guðný Jóna Pálsdóttir**
**Kári Húnfjörð Bessason** **Sigríður Arnleif Sigurðardóttir**
**Gréta Sigrún Gunnarsdóttir** **Sævar Guðmundsson**
**Vésteinn Hilmar Marinósson** **Margrét Árdís Ósvaldsdóttir**




Í Markaðnum á morgun

**SPARISJÓÐIRNIR, SAGA OG FRAMTÍÐARHORFUR.**

**SÓKNARFÆRIN OG UPPLÝSINGATÆKNIN.**

**ALLT UM SVIPTINGAR VIÐSKIPTALÍFSINS.**

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun




**NOKKUR ORÐ**
Júlía Margrét Alexandersdóttir

# *Engin gestalæti, takk*

Ég hef kynnst nokkrum stjórnmálamönnum í gegnum tíðina. Marga þeirra kann ég vel við. Nokkrir þeirra hafa komið mér fyrir sjónir sem heilar manneskjur, samkvæmar sjálfum sér. Þeir traustustu eru þannig að það hefur ekki skipt máli hvort ég hitti þá úti í búð eða í hlutverki blaðamanns; Þeir eru þeir sömu við kjötborðið og í viðtölum og breytast ekki í sturlaðar áróðursmaskínur þegar „blaðamaðurinn“ er á staðnum.

Það er hins vegar í raun fáum gefið að stilla ekki inn á eintóna bylju þegar frambjóðandinn heldur að fjölmiðlamaður sé í nánd.

Það er nefnilega mikill misskilningur að venjulegt fólk úti í bæ sjái ekki í gegnum slíkt. Það eru ekki bara við blaðamenn sem förum að geispa og líta á klukkuna þegar stjórnmálamenn hætta að vera mennskir og umhverfast í „frambjóðandann“.

Þetta er eins og með börnin okkar sem taka upp á gestalátum við og við ef nýtt fólk ber að garði og heimilið verður undirlagt af litlum manneskjum sem fara í handahlaup og fara með einræður og söngva þar til allir eru orðnir gaga.

Auðvitað vitum við foreldrarnir að blessuð börnin okkar eru ekki svona alla jafna. Og auðvitað vitum við sem hlustum á ykkur frambjóðendur að þegar „útsendingu“ lýkur takið þið upp á því að nota önnur orð, blóta jafnvel og segja brandara.



Eftir allt sem á undan er gengið er maður sérstaklega var um sig. Ég hef því tekið ákvörðun um hvert atkvæði mitt fer. Það fer ekki endilega til þeirra sem ég er málefnalega mest sammála. Það fer þangað sem ég eygi mesta von um minnstu falsheitin og sístu spillinguna.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Meðvituð um tískuna

**Ráðstefna um sjálfbærni og tískuiðnaðinn 24. mars, kl. 9.30–12.30 í Norræna húsinu**

| | |
|---|---|
| 9.30 | *Fundarstjóri ávarpar ráðstefnuna:* Mary Frances Davidson. |
| 9.45 | *Turning Conscience into Activism:* Ann Thorpe, prófessor við arkitektaskólann Bartlett við University College of London og Open University í Bretlandi. |
| 10.10 | *Transparency as a key factor for growth:* Karin Stenmar, hönnuður DEM collective gallabuxna úr lífrænum efnivið. |
| 10.20 | Kaffipása. |
| 10.30 | *Heimildarmynd:* 100% Baumwolle – Made in India. |
| 11.10 | *Clean Clothes – An ethical perspective on fashion:* Malin Eriksson stofnandi Rena Kläder/Clean Clothes Campaign. |
| 11.30 | *Sustainable Future:* Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti verk- og náttúrufræðideildar Háskóla Íslands. |
| 12.00 | Spurningar úr sal. |
| 12.30 | Lokaorð. |

Ráðstefnan er öllum opin og fer fram á ensku. Vinsamlegast skráið ykkur á **ilmur@nordice.is.**

Ráðstefnan er hluti af Nordic Fashion Biennale.

**www.nordicfashion.is**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-2539

NORRÆNA HÚSIÐ

NORDIC FASHION BIENNALE NFB 19.03.–5.04.2009
FASHION & JEWELRY FROM FAROE ISLANDS, GREENLAND AND ICELAND

# Fagor hitakútar



Hitakútur 15 lítra Fagor 230V **41.900**

Hitakútur 30 lítra Fagor 230V **45.900**

Hitakútur 50 lítra Fagor 230V **51.900**

Hitakútur 75 lítra Fagor 230V **59.900**

Hitakútur 100 lítra Fagor 230V **67.900**

Hitakútur 150 lítra Fagor 230V **76.900**

Hitakútur 200 lítra Fagor 230V **89.900**

PIPAR • SÍA • 90496

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

**S**ÉRTILBOÐ TIL ÓB-LYKILHAFA!

FIMM KRÓ**N**A AFSLÁTTUR AF

DÆLUVERÐ**I** Í DAG.

ÓB-**L**YKILHAFAR GETA SVO

Í LEIÐINNI AL**L**TAF SAFNAÐ

VILDARPUNKTUM ICELAN**D**AIR.

-5kr.




og Vildarpunktar

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.
Fastur 2 kr. afsláttur lykilhafa er innifalinn.

26 stöðvar um land allt.

www.ob.is


VEISLU
VIKA
23.-30. mars
10 bitar
Stór af frönskum
2 l pepsi
2.690kr.
PIPAR • SÍA • 90461
KFC
www.kfc.is
HAFNARFIRÐI
KÓPAVOGI
REYKJAVÍK
SELFOSSI
REYKJANESBÆ
MOSFELLSBÆ
FOSSVOGI
0 GRÖMM TRANS-FITA

## > Dæma báðir sinn 1.000. leik í kvöld

Sigmundur Már Herbertsson og Björgvin Rúnarsson munu dæma annan leik Keflavíkur og KR í úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla í kvöld og svo skemmtilega vill til að þeir munu þá báðir dæma sinn 1.000. leik á vegum KKÍ. Sigmundur Már er 41 árs, hóf að dæma snemma árs 1995 og tók alþjóðlegt dómarapróf árið 2003. Björgvin er 38 ára, hóf að dæma vorið 1992 og tók alþjóðlegt dómarapróf í árið 2005. Þeir Sigmundur og Björgvin bætast nú í hóp þriggja annarra dómara sem hafa náð að dæma 1.000 leiki. Þeir eru Jón Otti Ólafsson, Rögnvaldur Hreiðarsson og Kristinn Óskarsson.



**sport**
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR JÓHANNESSON: VALDI LANDSLIÐSHÓPINN SEM MÆTIR SKOTLANDI

# *Stjörnurnar vantar í lið Skotlands*



Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari tilkynnti í gær landsliðshópinn sem mætir Skotlandi í undankeppni HM 2010 á miðvikudaginn í næstu viku. Leikurinn fer fram á Hampden Park í Glasgow.

„Þetta verkefni leggst mjög vel í mig. Þegar við hittumst á La Manga töluðum við mikið um þennan leik og teljum við okkur vera í ágætis færi fyrir leikinn. Það ríkir mikil tilhlökkun meðal leikmanna fyrir leikinn og nú verða þeir að trúa því að þeir geti gert góða hluti þarna,“ sagði Ólafur í samtali við Fréttablaðið og átti við ferð landsliðsins í febrúar til Portúgals þar sem liðið lék við Liechtenstein. Liðið er að stærstum hluta skipað sömu leikmönnum og þá, með nokkrum viðbótum þó. Einungis Garðar Jóhannsson datt úr hópnum en þeir Eggert Gunnþór Jónsson, Jóhann Berg Guðmundsson og Veigar Páll Gunnarsson eru aftur kallaðir í hópinn.

„Þetta var góð ferð. Þarna lömdu menn hver í annan og hristu hópinn saman fyrir þennan leik. Það vantaði heldur ekki einbeitinguna og rétt hugarfar þarna frekar en á öðrum æfingum okkar. Þær eru alltaf mjög skemmtilegar,“ sagði Ólafur.

„Það sem við verðum að passa vel fyrir þennan leik er spennustigið. Það vill oft verða viðkvæmt þegar væntingar eru miklar fyrir leik eins og nú. Það ræddum við líka í þessari ferð.“

Þó svo að Ísland hafi tapað fyrir Skotlandi á Laugardalsvelli í fyrri leik liðanna í riðlinum lék íslenska liðið vel. „Við vorum fínir í þeim leik. Við munum að sjálfsögðu reyna að verjast vel í þessum leik en það er spurning hvort við verðum aðeins framar á vellinum en við höfum verið hingað til. Þannig er styttri leiðin fram á við þegar við fáum boltann.“

Um Skotana segir Ólafur ljóst að þeir mega muna sinn fífil fegri. „Það eru margir mjög góðir leikmenn í þessu liði en þá vantar alvöru stjörnu. Þeir áttu nú marga vel þekkta leikmenn hér áður fyrr en þeir geta oft skipt sköpum í jöfnum leikjum, en svo virðist sem þeir eigi ekki slíkan leikmann nú.“

Þórarinn Brynjar Kristjánsson:

## Til Grindavíkur

**FÓTBOLTI** Þórarinn Brynjar Kristjánsson samdi í gær við lið Grindavíkur til loka næstu leiktíðar. Hann kemur frá Keflavík en samningur hans við félagið rann út í haust. **- esá**

Hópurinn gegn Skotum:

## Enginn nýliði

**FÓTBOLTI Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari valdi í gær 22 leikmenn fyrir leik Skotlands og Íslands í næstu viku. Enginn nýliði er í hópnum nú.** **- esá**

**HÓPURINN**

| | |
|---|---|
| Árni Gautur Arason | Odd Grenland |
| Gunnleifur Gunnleifsson | FC Vaduz |
| Hermann Hreiðarsson | Portsmouth |
| Indriði Sigurðsson | Lyn |
| Kristján Örn Sigurðsson | Brann |
| Grétar Rafn Steinsson | Bolton |
| Bjarni Ólafur Eiríksson | Valur |
| Ragnar Sigurðsson | IFK Gautaborg |
| Sölvi Geir Ottesen | SönderjyskE |
| Brynjar Björn Gunnarsson | Reading |
| Emil Hallfreðsson | Reggina |
| Birkir Már Sævarsson | Brann |
| Aron Einar Gunnarsson | Coventry |
| Pálmi Rafn Pálmason | Stabæk |
| Helgi Valur Daníelsson | Elfsborg |
| Theodór Elmar Bjarnason | Lyn |
| Eggert Gunnþór Jónsson | Hearts |
| Jóhann Berg Guðmundsson | AZ |
| Eiður Smári Guðjohnsen | Barcelona |
| Heiðar Helguson | QPR |
| Veigar Páll Gunnarsson | Nancy |
| Arnór Smárason | Heerenveen |

# Snæfell skotið í kaf í Grindavík

**Grindvíkingar náðu 1-0 forystu í undanúrslitaeinvígi sínu við Snæfell í Iceland Express-deildinni með yfirburðasigri í fyrsta leiknum í gær, 110-82. Liðið lék án Páls Axels Vilbergssonar en það skipti engu máli.**

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar sýndu allar sínar bestu hliðar í gær þegar þeir unnu stórsigur á Snæfelli 110-82 í fyrsta leik liðanna. Heimamenn léku án fyrirliða síns Páls Axels Vilbergssonar en virtust ekki sakna hans mikið þegar þeir settu á svið skotsýningu í fyrri hálfleiknum.

Grindvíkingar voru fljótir að ná forystu í leiknum og skoruðu 42 stig gegn 27 hjá gestunum í fyrsta leikhluta. Liðið hafði yfir í hálfleik 67-48 þar sem Nick Bradford kórónaði hálfleikinn með ævintýralegu þriggja stiga skoti um leið og leiktíminn rann út.

Grindvíkingar hertu enn tökin í þriðja leikhlutanum og þar má segja að úrslit leiksins hafi ráðist. Liðið fékk mjög gott framlag frá öllum sínum lykilmönnum og virðist til alls líklegt. Snæfellsliðið verður að gera miklu betur ef það ætlar sér sigur í næsta leik á heimavelli. Lucious Wagner hélt liðinu inni í leiknum með frábærri hittni úr langskotum í fyrri hálfleik, en þetta baráttuglaða lið virkaði vankað á köflum.

„Við vorum bara að spila heimskulega, það er einfaldast að orða það þannig,“ sagði spilandi þjálfari Snæfells, Hlynur Bæringsson, í samtali við Fréttablaðið.



**KOMINN Á RÓL** Nick Bradford var heldur betur búinn að ná sér eftir yfirliðið á dögunum og átti stórleik í sigrinum á Snæfelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindvíkinga, var að vonum ánægðari með sína menn, sem í fyrri hálfleik spiluðu eins og þeim hefði verið hótað sektum fyrir að nota meira en tíu sekúndur af skotklukkunni.

„Það var eiginlega vörnin í þriðja leikhluta sem skóp sigurinn, en við hittum líka vel. Það var alveg sama hver skaut hjá okkur – það fór allt ofan í. Við verðum að vera tilbúnir á miðvikudaginn því Snæfellingarnir eru gríðarlega erfiðir heim að sækja. Við munum reyna að halda áfram að spila hraðan sóknarleik því það virðist henta okkur ágætlega,“ sagði Friðrik Ragnarsson.

Hlynur Bæringsson var gáttaður á máttleysi sinna manna í gær. „Við fengum nákvæmlega það sem við áttum skilið úr þessum leik. Við erum búnir að eiga nokkra svona leiki í vetur þar sem var engin orka og engin barátta, en það þýðir ekkert á móti svona liði. Það var ekki nóg með að þeir væru heitir, heldur vorum við ekki með hugann við þetta og hlupum bara eins og hross út um allt,“ sagði Hlynur. **baldur@365.is**

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Iceland Express karla*

| | |
|---|---|
| Grindavík-Snæfell | 110-82 (67-48) |

Stig Grindavíkur: Nick Bradford 24, Brenton Birmingham 21, Þorleifur Ólafsson 15, Arnar Freyr Jónsson 15, Helgi Guðfinnsson 14, Guðlaugur Eyjólfsson 6, Nökkvi Jónsson 2, Þorsteinn Finnbogas. 2, Egill Birgiss. 2, Davíð Hermannsson 1.
Stig Snæfells: Lucious Wagner 30, Jón Ólafur Jónsson 13, Hlynur Bæringsson 9, Magni Hafsteinsson 8, Sigurður Þorvaldsson 6, Gunnlaugur Smárason 6, Atli Rafn Hreinsson 3, Slobodan Subasic 2, Daniel Kazmi 2.

### *Iceland Express kvenna*

| | |
|---|---|
| KR-Haukar | 64-68 (33-34) |

Stig KR: Hildur Sigurðardóttir 30 (11 frák.), Margrét Kara Sturludóttir 9, Sigrún Ámundadóttir 8 (14 frák.,m 4 stoðs.), Guðrún Arna Sigurðardóttir 7, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 5, Guðrún Ámundadóttir 3, Heiðrún Kristmundsdóttir 2.
Stig Hauka: Moneka Knight 22 (6 frák., 5 stolnir), Slavica Dimovska 18 (6 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 13 (9 frák.), Telma Björk Fjalarsdóttir 6, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 4, Helena Hólm 3, Guðbjörg Sverrisdóttir 2.


**LAGERSALA**
**Opið**
virka daga frá 13 – 18
Helgar frá 13 - 16




Eldhúsvaskar
Frá kr. 3.900
Blöndunartæki
Frá kr. 3.900
Baðspeglar
Kr. 990




Símar 894-1411 og 861 7540
Norðurhella 10 Hafnarfirðir


Stórleikur Hildar Sigurðardóttur dugði KR-liðinu skammt í DHL-höllinni í gær:

# Haukakonur jöfnuðu metin

**KÖRFUBOLTI** Haukakonur unnu 68-64 sigur á KR í DHL-höllinni í gær í öðrum leik liðanna í lokaúrslitum Iceland Express-deildar kvenna. Staðan er því 1-1 í einvíginu en báðir leikirnir hafa unnist á útivöllum.

„Við þurfum að fara reyna að ná upp sömu stemningu á heimavelli og við höfum náð á útivöllum,“ sagði Yngvi Gunnlaugsson, þjálfari Hauka, eftir leik.

Hildur Sigurðardóttir fór fyrir KR-liðinu í leiknum, skoraði 13 fyrstu stig liðsins og alls 30 stig en það dugði ekki gegn baráttuglöðu Haukaliði sem sýndi allt annan og betri leik en í tapinu á Ásvöllum.

„Við vildum hafa fyrri leikinn á þessum nótum. Nú sást vörnin og sóknin var mjög góð og þá sérstaklega í fyrri hálfleik. Um leið og við náðum að setja upp vörnina okkar á hálfum velli þá voru þær í tómum vandræðum,“ sagði Yngvi.



**BESTU MENN VALLARINS** Hildur Sigurðardóttir reynir að verjast Moneku Knight hjá Haukum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Haukaliðið kom ákveðið til leiks og var með frumkvæðið nær allan leikinn. Haukar náðu 8 stiga forskoti í öðrum leikhluta en KR skoraði 7 stig í röð og minnkaði muninn í eitt stig fyrir hlé. Haukaliðið byrjaði seinni hálfleikinn af krafti og náði mest 16 stiga forskoti en KR-liðið kom aftur til baka og kom muninum á endanum niður í tvö stig en nær komust þær ekki.

Hjá Haukum spiluðu margar vel en engin þó betur en Moneka Knight. Slavica Dimovska var líka í allt öðrum klassa en í síðasta leik.

„Mo var kannski okkar besti leikmaður í síðasta leik og ég er mjög ánægður með að sjá að það er stígandi í hennar leik. Okkur finnst að það sé leyft að spila mjög hart á móti Slavicu en hún ákvað að komast í gegnum það og stóð sig vel,“ sagði Yngvi sem hrósaði líka réttilega Kristrúnu Sigurjónsdóttur, Telmu Fjalarsdóttur og Rögnu Margréti Brynjarsdóttur sem lokaði teignum í svæðisvörninni. **- óój**






**BESTA AFREKIÐ** Jakob Jóhann Sveinsson úr Ægi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslandsmeistaramótið í sundi:

## Þrjú unnu fjóra titla um helgina

**SUND** Þau Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Birkir Már Jónsson og Hrafnhildur Lúthersdóttir unnu flesta Íslandsmeistaratitla á Íslandsmótinu í 50 metra laug um helgina. Öll unnu þau fjórar einstaklingsgreinar.

Davíð (ÍRB) vann 50, 100 og 200 metra baksund og 50 metra skriðsund. Birkir (gestur) vann 100 og 200 metra skriðsund sem og 50 og 100 metra flugsund. Hrafnhildur (SH) vann 50, 100 og 200 metra bringsund og 200 metra fjórsund en Hrafnhildur sló Íslandsmet Erlu Daggar Haraldsdóttir í bæði 50 og 100 metra bringsundi.

Sigrún Brá Sverrisdóttir og Jóhanna Gerða Gústafsdóttir úr Ægi unnu báðar þrjár greinar auk þess að þær voru í þremur sigursveitum Ægis í boðsundunum og unnu því flest gull allra, eða sex hvor.

Jakob Jóhann Sveinsson vann þrjú gull og síðan þrjú sérverðlaun fyrir besta afrek mótsins. Jakob Jóhann fékk Ásgeirsbikarinn og Guðmundarbikarinn fyrir besta afrekið á mótinu og Sigurðarbikarinn fyrir besta bringusundsafrek karla eða kvenna á mótinu. Jakob fékk alla bikarana fyrir 100 metra bringusund sem hann synti á 1:02.28 og fékk fyrir 876 FINA stig. **- óój**



**Á HEIMLEIÐ** Heimir Örn Árnason er uppalinn hjá KA. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heimir Örn og Guðlaugur:

## Spila á Akureyri næsta vetur

**HANDBOLTI** Handknattleikslið Akureyrar mun væntanlega fá góðan liðstyrk fyrir næsta vetur því þeir Guðlaugur Arnarsson, leikmaður FCK í Danmörku, og Heimir Örn Árnason, leikmaður Vals, eru að öllum líkindum að flytja til Akureyrar. Þetta staðfestu þeir báðir við Vísi í gær.

Guðlaugur sagði að að öllu óbreyttu myndi hann flytjast norður í sumar ásamt fjölskyldu sinni. Sjálfur er Guðlaugur frá Húsavík en unnusta hans er frá Akureyri. Þau stefna því í heimahagana.

Heimir Örn tjáði Vísi að hann og kona hans hefðu fengið freistandi atvinnutilboð fyrir norðan og það væri nánast frágengið að þau myndu flytja.

Báðir ætla þeir að spila með handboltaliði Akureyrar og ljóst að koma þeirra tveggja verður mikill hvalreki fyrir handboltann á Akureyri. **- hbg**


# Meiri þægindi og aukið geymsluþol

Nú er MS rjóminn í ½ l umbúðum með tappa.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 09-0487






NÁMSSTYRKIR

Veittir verða styrkir í fjórum flokkum:

- 3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 150.000 kr.
- 3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 300.000 kr.
- 4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 350.000 kr.
- 3 styrkir til listnáms, 350.000 kr.




Landsbankinn



> **David Walliams**

„Sem betur fer er ég ekkert líkur þeim persónum sem ég leik í Little Britain. Því miður heldur fólk það oft.“

Walliams ásamt félaga sínum, Matt Lucas, bregður sér í hlutverk alls kyns furðufugla í þættinum Little Britain USA sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ALMA GUÐMUNDSDÓTTIR UM ÚTLITSBREYTINGAR Í SJÓNVARPI

# *Sígild formúla sem svínvirkar*

Sjónvarpsþættir þar sem útliti fólks er breytt til hins betra virðast alltaf vera jafn vinsælir. Ógrynni af þáttum hafa verið gerðir um útlitsbreytingu fólks með mismunandi áherslum og að sjálfsögðu misgóðir. Þeir sem ganga hvað lengst eru þættir á borð við Extreme Makeover og The Swan þar sem fólki er gjörbreytt með stífum líkamsræktaræfingum, fitusogi, nefaðgerðum, brjóstastækkunum eða minnkunum, andlitslyftingu, postulínskrónum í stað skemmdra tanna, klippingu og nýjum fötum svo eitthvað sé nefnt. Viðkomandi eru þá fjarri vinum og fjölskyldum á meðan herlegheitin standa yfir og eru svo „frumsýndir“ við hátíðlega athöfn þar sem oftar en ekki má sjá gleðitár á hvarmi nákominna.

Öfgarnar eru þó ekki alltaf svo miklar því



**NÝTT ÚTLIT** Útlitsbreyting fólks er sívinsælt sjónvarpsefni úti um allan heim og virkar ekki síður í íslensku sjónvarpi eins og sýndi sig í nýjum þætti Karls Berndsen á Skjáeinum.

þættir á borð við What not to wear og Gok's fashin fix eru ekki síður vinsælir. Þar er fataskápur fólks, þó yfirleitt kvenna, tekinn í gegn og nýr stíll fundinn fyrir viðkomandi með tilliti til vaxtarlags. Þrátt fyrir að vera umsvifaminna en í fyrrnefndum þáttum láta breytingarnar yfirleitt ekki á sér standa.

Það sýndi sig í síðustu viku að þessi formúla virkar ekki síður í íslenskri sjónvarpsþáttagerð. Í þættinum Nýtt útlit á Skjáeinum tók Karl Berndsen fimm barna móður á fimmtugsaldri í yfirhalningu með nýjum fötum, hári og förðun auk þess sem áhorfendur fengu ótal fegrunarráð meðan á ferlinu stóð. Íslenskar konur geta nú fagnað því að hafa fengið slíkan þátt sem gerist í íslensku samfélagi og er enginn eftirbátur hinna erlendu.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.05 Keflavík – KR, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 The Biggest Loser** SKJÁREINN



▶ **21.15 Bones** STÖÐ 2



▶ **21.15 The O.C.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.20 Tvíeykið (Dalziel & Pascoe V)** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Mótorsport 2008** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Bjargvætturin** (22:26)
**17.55 Lítil prinsessa** (9:15)
**18.05 Þessir grallaraspóar** (5:10)
**18.10 Skólahreysti** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (18:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar.
**20.50 Barnsmæður í Bolivíu** (OBS - Inslag om Bolivia) Finnskur þáttur um vanda ófrískra kvenna í Bólivíu þar sem 700 konur deyja árlega á meðgöngu eða af barnsförum.
**21.05 Lífsgæði á lokasprettí** Í þættinum er fjallað um áhrif hreyfingar og þjálfunar á heilsu og lífsgæði eldra fólks. Leitað er álits sérfræðinga, lækna, vísindamanna og leiðbeinenda, og rætt við á þriðja tug iðkenda í hópi eldri borgara.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.20 Tvíeykið** (Dalziel & Pascoe V) (3:8) Syrpa úr breskri þáttaröð um rannsóknarlögreglumenn sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamál.
**23.10 Víkingasveitin** (Ultimate Force) (1:6) Breskur spennumyndaflokkur um sérsveit innan hersins sem fæst við erfið mál. (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Look Who's Talking**
**10.00 Roll Bounce**
**12.00 Once Upon a Wedding**
**14.00 Shopgirl**
**16.00 Look Who's Talking**
**18.00 Roll Bounce**
**20.00 Once Upon a Wedding** Rómantísk gamanmynd um unga konu sem lendir í bílslysi viku fyrir brúðkaup sitt og upphefst þá atburðarás sem hefur varanleg áhrif á hana og öll framtíðaráform hennar.
**22.00 Mo' Better Blues**
**00.05 Hot Fuzz**
**02.05 Fallen: The Beginning**
**04.00 Mo' Better Blues**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Stóra teiknimyndastundin.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (279:300)
**10.15 Sisters** (12:28)
**11.05 Ghost Whisperer** (59:62)
**11.50 Numbers**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (152:260)
**13.25 The Californians**
**15.15 Sjáðu**
**15.40 Tutenstein**
**16.05 Ben 10**
**16.28 Stuðboltastelpurnar**
**16.53 Dynkur smáeðla**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (8:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.35 The Simpsons** (2:20)
**20.00 Worst Week** (14:15)
**20.25 How I Met Your Mother** (11:20) Í þessari þriðju seríu fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.
**20.50 Little Britain USA** (3:6) Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni ætla félagarnir að grínast í Bandaríkjunum.
▶**21.15 Bones** (3:26) Dr. Temperance „Bones“ Brennan réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálunum.
**22.00 Ashes to Ashes** (2:8)
**22.55 The Daily Show: Global Edition**
**23.20 Auddi og Sveppi**
**23.50 Grey's Anatomy** (16:24)
**00.35 Fringe** (11:22)
**01.30 The Californians**
**03.00 Ghost Whisperer** (59:62)
**03.45 Numbers**
**04.30 Ashes to Ashes** (2:8)
**05.15 Worst Week** (14:15)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Grindavík - Snæfell** Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
**16.40 Grindavík - Snæfell** Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
**18.10 World Supercross GP** Að þessu sinni fór mótið fram í Superdome-leikvanginum í New Orleans.
▶**19.05 Keflavík - KR** Bein útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
**21.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
**21.25 Atvinnumennirnir okkar** Nú er röðin komin að einu af óskabarni þjóðarinnar, Guðjóni Vali Sigurðssyni, sem leikur með Rhein-Neckar Löwen í Þýskalandi.
**22.00 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.
**22.55 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
**23.20 Keflavík - KR** Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.40 Blackburn - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Portsmouth - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**19.00 Wigan - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Liverpool - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**23.15 Fulham - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.55 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.40 Spjallið með Sölva** (5:12) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. (e)
**19.40 Káta maskínan** (8:12) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna og rætt við listamenn úr öllum krókum og kimum listalífsins. Þorsteinn er með nýstárlega nálgun og áhorfandinn fær þannig skemmtilega innsýn í hugarheim og pælingar listafólksins.
▶**20.10 The Biggest Loser** (9:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna.
**21.00 Nýtt útlit** (2:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. Það þarf engar geðveikar æfingar, megrunarkúra eða fitusog, bara einfaldar lausnir og góð ráð. Karl er sérfræðingur á sínu sviði og hefur um árabil verið búsettur í London þar sem hann hefur unnið með fjölmörgum stórstjörnum. Hann upplýsir öll litlu leyndarmálin í tískubransanum og kennir fólki að klæða sig rétt.
**21.50 The Cleaner** (3:13) Þættir sem eru byggðir á sannri sögu fyrrum fíkniefnaneytanda sem helgar líf sitt því að hjálpa öðrum fíklum að losna úr viðjum fíknarinnar. Benjamin Bratt fer með aðalhlutverkið.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 CSI** (10:24) (e)
**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Pólitískt hringborð um efnahagsmálin.
**21.00 Birkir Jón** Umsjónarmaður er Birkir Jón Jónsson þingmaður í Framsóknarflokknum.
**21.30 Á réttri leið** Katrín Júlíusdóttir þingkona ræðir um málefni Samfylkingarinnar.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# TIL HAMINGJU!

VINNINGSHAFAR SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2009

## Til atlögu gegn fordómum - Rauði krossinn á Akranesi

Í september síðastliðnum komu átta palestínskar flóttakonur til Akraness ásamt 21 barni sínu og settust þar að. Hitann og þungann af verkefninu bar flóttamannanefnd félagsmálaráðuneytisins, Akranesbær og Rauði krossins á Akranesi. Einkar vel hefur tekist til við að tengja hinar nýfluttu konur við ýmsa hópa samfélagsins á Akranesi, þar á meðal nemendur við Fjölbrautaskólann. Einnig hafa konurnar tekið þátt í ýmsum verkefnum á vegum Rauða krossins. Niðurstaðan er sú að aðlögun fjölskyldnanna hefur gengið vonum framar.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.00
### Ashes to Ashes



Ashes To Ashes er snilldarvel útfært sjálfstætt framhald vinsælustu bresku þáttaraðar síðari ára – Life on Mars. Nú kynnumst við hins vegar lögreglukonunni Alex Drake sem verður fyrir skoti, lendir í dái og fer aftur til ársins 1981. Þar hittir hún aðalvarðstjórann harðgerða og hortuga, Gene Hunt, sem merkilegt nokk var einnig yfirmaður Sams Tyler úr Life on Mars. Unnendur Life on Mars, enska húmorsins, góðra breskra spennuþátta og ekki hvað síst níunda áratugarins mega ekki láta þessa þætti fram hjá sér fara.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### The Cleaner
### Skjáreinn kl. 21.50



Þættir sem byggðir eru á sannri sögu fyrrverandi fíkniefnaneytanda sem helgar líf sitt því að hjálpa öðrum fíklum að losna úr viðjum vanans. Í kvöld kynnist William Banks vel stæðri fjölskyldu í fínu úthverfi sem á í vandræðum. Þrátt fyrir að allt sé slétt og fellt á yfirborðinu þá grunar eiginmanninn að konan hans sé uppdópuð. Í framhaldinu uppgötvar William ýmislegt grugguggt sem er í gangi hjá húsmæðrunum í fína hverfinu.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** „Ég trúi því sannleiki"
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Thelonious Monk leikur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Fimm fjórðu
**23.05** Gatan mín
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (151:260)
**16.30 Hollyoaks** (152:260)
**17.00 Seinfeld** (9:22)
**17.30 Ally McBeal** (17:24)
**18.15 The O.C.** (14:27)
**19.00 Hollyoaks** (151:260)
**19.30 Hollyoaks** (152:260)

**20.00 Seinfeld** (9:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk. Hann er nefnilega óendanlega smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungafullir og hann sjálfur.

**20.30 Ally McBeal** (17:24) Ally og Cage takast á við Fish og Georgiu þar sem fyrirtækið er fulltrúi beggja aðila í nauðgunarmáli.

▶ **21.15 The O.C.** (14:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Með aðalhlutverk fara Rachel Bilson, Mischa Barton, Adam Brody, Benjamin McKenzie og Peter Gallagher.

**22.00 New Amsterdam** (1:8) Spennuþáttur um hinn ódauðlega John Amsterdam sem hefur lifað í hartnær 400 ár í líkama 35 ára gamals manns. Árið 1942 voru lögð á hann álög sem ekki verða aflétt nema hann finni sanna ást og aðeins þá verður líf hans fullkomnað.

**22.45 Weeds** (4:15) Þáttur um ekkjuna úrræðagóðu Nancy Bowden sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn og fyrirvinnu.

**23.15 Auddi og Sveppi**
**23.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### BBC entertainment

**10.05** EastEnders **10.35** My Hero **11.05** Jonathan Creek **11.55** Dalziel and Pascoe **12.45** My Hero **13.15** The Weakest Link **14.00** EastEnders **14.30** My Hero **15.00** Blackadder the Third **15.30** The Weakest Link **16.15** Jonathan Creek **17.05** Dalziel and Pascoe **17.55** EastEnders **18.25** The Weakest Link **19.10** My Hero **19.40** Blackadder the Third **20.10** The Inspector Lynley Mysteries **21.00** Hustle **21.50** Blackadder the Third **22.20** My Hero **22.50** Hustle **23.40** Jonathan Creek

### DR 1

**10.00** Skibet skal sejle **10.30** Dyrehospitalet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Horisont **11.35** Aftenshowet **12.05** Søren og Søren **12.30** Når mor og far drikker **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.30** X Factor **15.30** X Factor Afgørelsen **16.00** Agent Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Hammerslag **19.30** Mission. Baby **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Lewis **22.35** Dødens Detektiver **22.55**

### NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.05** Grønn glede **10.30** Landgang **11.00** NRK nyheter **11.10** Livet i Fagervik **12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Slipp naboene løs **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** I sørhellinga **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Dyrisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dora utforskeren **17.25** Travelbymysteriene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i nærturen - vinter **18.55** Landeplage **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Ein midtsommarnatts draum **23.40** Mat i faresonen **00.10** Kulturnytt

### SVT 1

**10.00** Ordet och bomben **10.30** Ljudets färg **11.00** Rapport **11.05** Bergen - Kirkenes t/r **11.35** I trädgården med Camilla Plum **12.05** 18 år **12.35** Anslagstavlan **12.40** Banketten **14.10** Europa - en naturhistoria **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Packat & klart **16.25** Flyttlasset går **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Vem tror du att du är? **20.00** Andra Avenyn **20.45** Go **22.25** Kulturnyheterna **22.40** Sommer **23.40** Sändningar från SVT24


Litháíska

DĖKUI

Dėkojame už Jūsų atvykimą į Islandiją ir pastangas sukurti geresnę ir spalvingesnę visuomenę. Dėkojame už Jūsų atsivežtas kultūros ir tradicijų sroves, kurios praturtina šios šalies bendromenes kultūrą. Dėkojame už Jūsų dėka pasipildžiusia įvairovę biznio, patiekalų, meno, muzikos, šokio, darbo srityse, minint tik kaip pavyzdį iš didesnio konteksto.
Tikimės, kad jaučiate tą saugumą ir teisių lygybę, kurią mes norime ir tikimės kad islandiška visuomenė užtikrina.

Labai didelis dėkui!

Takk fyrir að setjast að á Íslandi og leggja þitt af mörkum til að byggja hér betra og öflugra samfélag. Takk fyrir að flytja með þér ferska menningarstrauma sem auðga mannlíf og menningu landsins. Takk fyrir að auka við fjölbreytni og færni á sviði viðskipta, matargerðar, hönnunar, tónlistar, dans og verkmenningar svo aðeins nokkur dæmi séu tekin!
Vonandi líður þér vel hér á Íslandi – og vonandi nýtur þú þess öryggis og jafnréttis sem við öll viljum að íslenskt samfélag standi fyrir.

Kærar þakkir!

AUGA AUGLÝSINGAR AFL TIL GÓÐRA VERKA

Þessi herferð er gefin af AUGA.
AUGA er stuðningssjóður stofnaður af samtökum og fyrirtækjum í auglýsingaiðnaðinum, með það hlutverk að styðja gerð og birtingar auglýsingaherferða fyrir góð málefni.
Nánari upplýsingar á www.sia.is/auga

Mannréttindaskrifstofa Íslands er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu. Réttindi innflytjenda eru ört stækkandi málaflokkur – og þar berum við öll samfélagslega ábyrgð.
Tökum vel á móti nýjum Íslendingum.
Nánari upplýsingar á www.humanrights.is

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ef og þegar ég hlusta á tónlist í vinnunni verður morgunþáttur X-ins fyrir valinu fyrir hádegi. Að öðru leyti hafa Kings of Leon verið vinsælir hjá mér upp á síðkastið og nýi diskurinn frá Emilíönu Torrini. Annars er ég líka hrifin af aðeins eldri tónlist og þá verður til dæmis Guns n´roses eða Stevie Wonder fyrir valinu.“*

Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir, starfsmaður hjá RÚV.

# Síðasti Spaugstofuþátturinn í vinnslu

„Það veit Guð einn hvort þetta sé allra allra síðasti Spaugstofuþátturinn. Við vitum ekki enn hvort af þessu getur orðið næsta vetur,“ segir Karl Ágúst Úlfsson, leikari og Spaugstofumaður.

Í upphafi vetrar lá fyrir að þetta yrði síðasta tímabil Spaugstofunnar en ekkert lát er á vinsældum þáttanna sem tróna sem oft fyrr efst á áhorfstölulistum. Eru farnar að renna tvær grímur á mannskapinn. „Við vitum ekki enn hvort af þessu getur orðið næsta vetur. Okkur þykir súrt í brotið að hætta á þessum tímapunkti. skilja þjóðina eftir í ástandi þar sem ég held að mikil þörf sé á gagnrýninni og skoplegri umfjöllun. Okkur rennur blóðið til skyldunnar að halda áfram starfi meðan stætt er. En svo vitum við ekki hvað sjónvarpið vill gera eða hvort það hefur bolmagn til að halda áfram óbreyttu starfi,“ segir Karl Ágúst.

Aðspurður hvort þetta verði ekki bara eins og í söngnum um tíu litla negrastráka, „og þá voru eftir þrír…“ en fyrir tveimur árum var Randver Þorláksson skorinn úr hópnum. Að komið sé að Pálma Gestssyni?

„Nei, ætli það. Ekki nema það komi verulegur þrýstingur frá Baugsmiðlunum. Ég veit ekki hvaða áhrif þeir hafa,“ segir Karl Ágúst sem veit ekki betur en einhvers konar viðræður muni fara fram innan tíðar. „Að minnsta kosti verðum við að kveðja og þakka fyrir okkur áður en við pökkum saman og förum úr húsinu.“ Karl Ágúst segir að fyrir dyrum standi æfingar á nýrri sýningu með leynilögreglumönnunum Harry og Heimi sem til stendur að setja upp í Borgarleikhúsinu en þar eru ásamt honum Örn Árnason og Sigurður Sigurjónsson.

- jbg



**KARL ÁGÚST ÚLFSSON** Honum þykir súrt í brotið að hætta á þessum tímapunkti – oft var þörf en nú nauðsyn á gagnrýninni og skoplegri umfjöllun.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** ofsi, **6.** óhreinindi, **8.** kerald, **9.** læsing, **11.** í röð, **12.** ofreyna, **14.** gleði, **16.** skóli, **17.** útsæði, **18.** í viðbót, **20.** verkfæri, **21.** litlaus.
**LÓÐRÉTT 1.** kvenflík, **3.** slá, **4.** skjalla, **5.** rúm ábreiða, **7.** margorður, **10.** taug, **13.** gifti, **15.** lánsamur, **16.** iðn, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** im, **8.** áma, **9.** lás, **11.** jk, **12.** sliga, **14.** unaðs, **16.** fg, **17.** fræ, **18.** auk, **20.** al, **21.** grár. **LÓÐRÉTT: 1.** pils, **3.** rá, **4.** smjaðra, **5.** lak, **7.** málugur, **10.** sin, **13.** gaf, **15.** sæll, **16.** fag, **19.** ká.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Sparisjóðabankann og Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis (SPRON).
2. Theo Hoen.
3. Ásgeir Örn Hallgrímsson.

Er HREINT hjá þér?
Sparaðu með faglegri ræstingu!
Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is



## UMHVERFISVÆNT OG FALLEGT

Stóll **Andreu Tryggvadóttur** er klassískur í hönnun, undirlagið er úr hvítu plastefni en setan úr við. Sætið er upphitað en inni í stólnum er hiti til að brjóta lífræna sorpið fyrr niður. Bakkann neðst má svo draga út og fá gróðurmold á tveggja vikna fresti.



ANDREA TRYGGVADÓTTIR: HANNAÐI STÓL SEM ER UM LEIÐ ROTÞRÓ

# Íslenskt hugvit í úrslit í danskri húsgagnasamkeppni

„Jú, það er ekki leiðinlegt að fá svona fréttir á þessum síðustu og verstu tímum,“ segir Andrea Tryggvadóttir arkitekt sem starfar í Kaupmannahöfn. Hönnun Andreu og dansks kollega, Agnesar Nilsson, var valin í úrslit í Avantgarde-húsgagnasamkeppninni. Þær stöllur hönnuðu stól sem um leið þjónar hlutverki rotþróar fyrir lífrænan úrgang.

„Yfirskrift samkeppninnar var „Intelligent möbler“, sem myndi þá kannski útfærast sem vitsmunir í húsgögnum. Við völdum að búa til þennan stól sem virkar þá einnig fyrir lífrænan úrgang heimilisins og brýtur hann niður. Þannig lyftirðu setunni upp og setur afgang af plöntum og lífrænum matvælum ofan í og í stólnum er ákveðin tækni sem hrærir upp í ruslinu og hitar það og flýtir þannig fyrir þessu eðlilega ferli,“ segir Andrea.

Neðst á stólnum er svo skúffa sem draga má út á tveggja vikna fresti og fá fína mold til brúks. „Þessi rotþró ætti að geta minnkað úrgang heimilanna um 30 prósent, ekki slæmt á þessum tímum þegar umhverfisvæn hugsun er allsráðandi. Stólinn má svo hafa úti á svölum, inni í eldhúsi eða hvar sem vill.“

Andrea útskrifaðist sem arkitekt árið 2006 og vann fyrst um sinn hjá Henning Larsen en hefur nú hafið sjálfstæðan rekstur ásamt nokkrum félögum sínum þaðan. Hún segir ekki amalegt að byrja sjálfstæðan rekstur svona. „Við erum fimm sem fengum þennan styrk til að vinna tillögur okkar áfram, eða 20.000 danskar krónur. Þrjár tillögur verða svo valdar til sýningar á hönnunarmessunni Design Biennale í London í haust. Við vinnum bara hörðum höndum að því að komast þangað.

juliam@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Ekki er að spyrja að vinsældum söngvarans **Stefáns Hilmarssonar**. Hann efnir til tónleika í Salnum í Kópavogi 17. apríl og seldist upp á tónleikana á sólarhring.

Nóg er að gera hjá Sveppa og **Audda** í veislustjórninni en þeir voru austur á Fáskrúðsfirði og stjórnuðu árshátíð álversstarfsmanna sem haldin var þar í bæ í íþróttahúsinu. Svo margir starfsmenn eru í álinu að halda þurfti tvöfalda ársáhátíð og var fyrri hlutinn um þarsíðustu helgi. Austanmenn leita ekki langt yfir skammt og fengu sinn mann, Einar Ágúst og hljómsveit, til að leika fyrir dansi.



**Friðrik Weisshappel**, veitingahúsamógúll í Kaupmannahöfn, vakti athygli vegfarenda í Reykjavík í gær þar sem hann trillaði um miðborgina, alskeggjaður og framsettur með barnavagn á undan sér eftir sældartíð í Danmörku. Mun Friðrik hér staddur í tengslum við afmælisfögnuð sem haldinn var til heiðurs Árna Snævar, fyrrum fréttamanni sem naut sérfræðiþekkingar Friðriks við veisluhöldin.



Einar Bárðarson hyggst opna Officeraklúbbinn á „Beisnum“ með látum og er að raða inn skemmtikröftunum. Nýjasta nýtt í þeim efnum er að **Valgeir Guðjónsson** mun troða upp með sínum gömlu félögum í Stuðmönnum.



- jbg

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FISKI Í DAG
ýsuflök, lúðusneiðar laxaflök, fiskréttir
hörpuskel, humar, rauðspretta og margt fleira.
HUGSUM UM HEILSUNA OG BORÐUM FISK.
Veljum íslenskt

opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

# 100 milljóna tjón í Idolinu

„Þetta var nú ekkert stórslys, þetta fer bara í ákveðið ferli og við erum með tryggingar fyrir þessu,“ segir Magnús Viðar Sigurðsson, framleiðandi hjá Saga Film. Óhapp varð við framleiðslu Idol-þáttanna í Smáralind fyrir tveimur vikum þegar svokallaðir LED-skjáir, sem hengdir höfðu verið upp í loft, hrundu niður og skemmdust. Um er að ræða dýra skjái sem meðal annars eru notaðir á knattspyrnulandsleikjum á Laugardalsvelli. Saga Film leigði skjáina.

Óhappið varð þegar Idol-sviðsmyndin var sett upp í Smáralind eftir að undankeppnin hafði farið fram í Óperunni. Ekki liggur fyrir hvort mistök voru gerð við uppsetningu skjáanna eða hvort festingar gáfu sig. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er um stórtjón að ræða, eða um hundrað milljónir króna. Magnús segist ekki hafa fengið neinar tölur staðfestar og geti að svo stöddu ekki tjáð sig um tjónið. Hann ítrekar að óhapp þetta hafi ekki haft áhrif á Idol-þættina.

- hdm



**IDOL-STJÖRNULEIT** Stórtjón varð þegar LED-skjáir voru settir upp í Smáralindinni. Hvorki dómarana né kynnana sakaði.





Sett upp í samstarfi við
VISA

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
– Lifið heil
www.lyfja.is
Opið 07 til 02
Lyfja Lágmúla




## BAKÞANKAR


Karenar D. Kjartansdóttur


# Eins og galdur

Ein af stórstjörnum sjónvarpsþátta sjöunda og áttunda áratugar síðustu aldar var Uri Geller. Uri var ekki bara einkar laglegur maður sem gaman var að horfa á heldur beyglaði hann skeiðar og las hugsanir af miklum móð, sjónvarpsáhorfendum um alla veröld til mikillar ánægju. Yfirnáttúrulegir hæfileikar hans þóttu ótvíræðir. Fjöldi fólks hélt því fram að þegar Uri hefði beyglað skeiðar í sjónvarpi hefðu mataráhöld sem það hélt á fyrir framan skjáinn einnig bognað og fékk þannig hlutdeild í hæfileikunum.

**EINHVERJIR** leiðindaskarfar reyndu að fletta ofan af Uri. Þeim tókst misjafnlega upp til að byrja með, þar sem fjármunir Uri veittu honum öfluga vernd. Ætlaði sér einhver að kalla á torgum að Uri væri svindlari sem aðeins hefði hæfileika til að galdra til sín peninga trúgjarns fólks hótaði Uri málsókn. Í sumum dómskerfum spila peningar svo stóra rullu að þeir sem eiga í æðra sambandi við guðinn Mammon geta fengið hann til að leysa sig undan þrengingum. Í slíku sambandi við guðleg öfl var Uri og því hurfu efasemdaraddir og annað vesen eins og fyrir galdur.

**EN** einn af leiðinlegu, og líklega sjúklega öfundsjúku, vitleysingunum gaf sig ekki. Efasemdamanninum James Randi tókst loks að fletta ofan af göldrum Uris. Yfirnáttúrulegir hæfileikar reyndust sjónhverfingar einar. Fólk hætti að gorta sig af því að eitthvað af matarstellinu hefði verið beyglað af Uri og sagðist hafa vitað þetta allan tímann.

**FRÆGÐIN** yfirgaf Uri og Mammon með. Uri fór að þjást af búlimíu og það féll á hnífaparasettin hans. En öll él styttir upp um síðir. Uri byrjaði fyrir nokkru með sjónvarpsþátt og átti afskaplega velheppnaða endurkomu í heim ríkra og frægra og einhverjir vísindamenn hafa bent á að ekki hafi allar brellur hans verið útskýrðar. Árið 2007 fullkomnaði Uri svo kombakk sitt með því að kaupa 360 skeiðar sem áttu það sameiginlegt að hafa hugsanlega verið notaðar af afskaplega frægu fólki. Þær notaði hann svo til að skreyta bílinn sinn. Nú hefur Uri líka fundið lausn á fjárhagsvanda heimsins. Hún er víst ekki flóknari en svo að hugsa jákvætt og reyna Uri og Michael Jackson, vinur hans, nú að kynna hana fyrir veröldinni.

**ÞETTA** mættu margir hafa í huga. Saga Uris sýnir okkur til að mynda að eftir nokkur ár gætu menn eins og Sigurður, Hreiðar Már, Sigurjón og Halldór gæfusmiður, Björgólfur Thor, Jón Ásgeir og Hannes öðlast aftur vinsældir, snúið til baka á fjármálamarkaði á krónum skreyttum Range Roverum og glatt fólk með heimsóknum í spjallþætti.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 24. mars, 83. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.14 | 13.34 | 19.56 |
| Akureyri | 6.57 | 13.19 | 19.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




Sökum efnahagsástandsins ákvað Mark Kolovson, eigandi King Koil verksmiðjunnar, að bjóða Íslendingum 25% AFSLÁTT af öllum King Koil heilsurúmum. Nú vill Rekkjan gera enn betur og bætir við 10% AUKAAFSLÆTTI. Það þýðir 35% AFSLÁTTUR af öllum King Koil rúmum í Rekkjunni næstu daga.

Komdu og fáðu þér hágæða rúm á einstöku tilboði.

Með öllum keyptum rúmum er 25% AFSLÁTTUR af öllum vörum í mjúku deild Rekkjunnar.




FERMINGARTILBOÐ
30% AFSLÁTTUR!
Comfort Zone rúmin aðlaga sig á ótrúlegann hátt að líkamanum, hafa einstaka þyngdardreifingu og veita slökun sem er á fárra færi.




rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf · Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) · 108 Reykjavík · 588 1955 · www.rekkjan.is · Opið virka d. 10–18 og lau 11–16